

**Vegna:** Máls nr. 1030/2023, Aðalskipulag Múlaþings 2025-2045 (Lýsing)

**Athugasemd:**

**Umsögn vegna kynningar á skipulags- og matslýsingu vegna aðalskipulags fyrir Múlaþing.**

Isavia Innanlandsflugvelli hefur farið yfir fyrirbyggjandi gögn málsins, þ.e. skipulags- og matslýsingu sem lögð var fram á skipulagsgatt.is, mál nr. 1030/2023 og vill koma eftirfarandi á framfæri :

- Isavia vekur athygli á að umhverfis Egilsstaðarflugvöll gilda skipulagsreglur. <https://www.isavia.is/fyrirtaekid/vidskiptavinir/egilsstadaflugvollur/upplýsingar-um-flugvollinn/skipulagsreglur> Skipulagsreglur setja ákveðnar kröfur varðandi hæðir mannvirkja nærri flugvöllinum með svokölluðum hindranaflötum. Taka þarf tillit til skipulagsreglna við vinnu aðalskipulagsins. Sjá nánar lög um loftferðir nr. 80/2022.
- Minnt er á að umferð um flugvelli kann að hafa nokkur áhrif á hljóðvist nágrennis og þarf að hafa það í huga þó það komi e.t.v. ekki til skoðunar fyrr en við deiliskipulagsvinnu.
- Innan sveitarfélagsins eru auk Egilsstaðarflugvallar skv. skipulagslýsingu tveir flugvelli/skráðir landingarstaðir. Æskilegt er að mati Isavia að í aðalskipulagi sveitarfélagsins sé fjallað um flugvöllina, þeim markað svæði og heimildir eða stefna sveitarfélagsins t.d. er varða uppbyggingu flugskýla eða annarrar flugtendrar starfsemi.
- Í Múlaþingi er aukin ferðamennska eins og víðar um land. Ástæða gæti verið til að skoða í aðalskipulagsvinnu stefnu varðandi flug með þyrlum, landingarstaði fyrir þyrlur og þjónustu tengda þyrluflugi.

Virðingarfyllst,  
Sigrún Björk Jakobsdóttir

**Höfundur:** Sigrún Björk Jakobsdóttir/sigrun.jakobsdottir@isavia.is

**Sent inn þann:** 03.01.2024 , **Fyrir hönd:** Isavia

Múlaþing

Mál: 2023-12-0371  
Selfossi 9. janúar 2024

**Efni: Umsögn um skipulags- og matslýsingar fyrir aðalskipulag Múlaþings 2025 – 2045.**

Hafrannsóknastofnun hefur borist ósk Múlaþings um umsögn við skipulags- og matslýsinu fyrir aðalskipulag Múlaþings 2025 – 2045.

Hafrannsóknastofnun vill benda á nauðsyn þess að í aðalskipulagi verði fjalla um vatnalíf og veiðinytjar í fersku vatni. Veiðinytjar eru mikilvæg hlunnindi í dreifðum byggðum landsins og byggjast þær að miklu leyti af tekjum af stangveiðileigu.

Í aðalskipulagi þarf að vera skýr stefna fyrir efnistöku á skipulagstímanum. Algengt er að leitað sé í farvegi straumvatna til efnistöku vegna ýmis konar framkvæmda. Slíkar námur ættu ekki að vera í eða svo nærri vatnsföllum að þær geti haft neikvæð áhrif á lífríki þeirra og þar með veiðinytjar. Mörg dæmi eru um það hér á landi að efnisnám hafi raskað lífríki vatnsfalla. Almennt veldur endurtekið efnisnám skaða á botni vatnsfalla og vatnalífi sem síðar getur komið fram í minnkandi veiði. Mikilvægt er að marka stefnu í þessum efnunum í aðalskipulagi til lengri tíma.

Hafrannsóknastofnun bendir á að samkvæmt skv. 1. mgr. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 eru framkvæmdir í eða við veiðivatn háðar leyfi frá Fiskistofu.

Þá bendir stofnunin á lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, en markmið þeirra er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Þar þarf ekki síst að huga að tilhlíðandi hreinsun frárennslis frá byggð. Við allar framkvæmdir sem geta haft áhrif á ár og vötnum skal því leita allra leiða til þess að komast hjá því að vatnsgæði spillist og að afkoma lífríkis í vatni versni við framkvæmdir. Stofnunin bendi sérstakleg að í 18. gr laga þessara er fjallað um að leita þarf til Umhverfisstofnunar um heimild til breytinga á vatnshloti sem hefur í för með sér að ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. sömu laga.

Fh. Hafrannsóknastofnunar,



---

Magnús Jóhannsson

Múlaþing  
Bt Sóleyju Valdimarsdóttur  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir  
mulathing@mulathing.is

Dags. 12. janúar 2024  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2024-0035

Með erindi dags. 18. desember sl. óskaði Múlaþing eftir umsögn Veðurstofu Íslands um nýtt aðalalSKIPULAG Múlaþings 2025-2045.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd skipulags- og matslýsingu þessa.

Virðingarfyllt,  
fh. Veðurstofu Íslands





Hlíf Sævarsdóttir  
Sérfræðingur á rekstrarsviði

## Skipulags- og framkvæmdaráð - 178 (9.1.2024) - Ósk um umsögn á skipulags- og matslýsingu vegna Aðalskipulags Múlaþings 2025-2045

**Málsnúmer** : 202312086  
**Málsaðili** : Múlaþing  
**Niðurstaða** : Tekið fyrir  
**(stutt)**  
**Niðurstaða** : Skipulags- og framkvæmdaráð Norðurlands gerir ekki athugasemdir við skipulags- og matslýsinguna.  
**Inngangur** : Sveitarstjórn Múlaþings samþykkti 13. desember 2023 að kynna skipulags- og matslýsingu vegna nýs Aðalskipulags Múlaþings 2025-2045 í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar eru settar fram áherslur sveitarstjórnar við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, núverandi stefnu og væntanlegt skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Óskað er eftir að umsagnir, ábendingar og sjónarmið sem varða efni skipulagslýsingarinnar berist fyrir 31. janúar 2024 í gegnum Skipulagsgátt.  
**Fundardags** : 9.1.2024  
**Skráð dags** : 10.1.2024 09:26:14  
**Höfundur** : Hermlína Hreiðarsdóttir

## Skjalalisti

Heiti	Tegund skjals	Höfundur	Móttekið
 Aðalskipulag Múlaþing 2025-2045.pdf			
 FW: Umsagnarbeiðni um mál nr. 1030/2023 í skipulagsgáttinni			

Forsætisráðuneytið, 16.01.24.

### **Umsögn um nýtt aðalskipulag Múlaþings fyrir árin 2025-2045.**

Forsætisráðuneytið vísar til erindis Skipulagsgáttarinnar f.h. Múlaþings frá 18. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn um nýtt aðalskipulag fyrir sveitarfélagið fyrir árin 2025-2045.

Sveitarstjórn Múlaþings samþykkti á fundi sínum 14. september 2022 að fela umhverfis- og framkvæmdaráði að láta hefja vinnu við gerð nýs aðalskipulags. Um er að ræða nýtt aðalskipulag fyrir sveitarfélag sem varð til árið 2020 í kjölfar sameiningar fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi; Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar. Samþætta þarf aðalskipulagsáætlanir þessara fjögurra sveitarfélaga, auk þess að á þeim hafa verið gerðar fjölmargar breytingar sem fella þarf inn í nýtt aðalskipulag. Markmið með aðalskipulagsvinnunni er að horfa til framtíðar og móta heildstæða stefnu fyrir nýtt sveitarfélag svo hægt sé að takast á við nýjar og krefjandi áskoranir. Um leið skapast vettvangur fyrir samtal við íbúa og hagsmunaaðila um þróun og framtíð sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að vinnuferlið við gerð aðalskipulags spanni rúm tvö ár. Skipulags- og matslýsing þessi er fyrsta formlega skrefið við gerð nýs aðalskipulags.

Ráðuneytið minnir á að allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 og að leyfi ráðherra þarf fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. sömu laga. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd.

Í stefnu um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum koma fram leiðbeinandi sjónarmið sem rétt er að taka mið af við útfærslu uppbyggingar á einstökum svæðum. Má þar nefna mikilvægi þess að standa vörð um óbyggð víðerni og að á miðhálandinu sé uppbygging ferðamannaáðstöðu takmörkuð við mannvirki sem byggð séu utan skilgreindra víðerna, á jaðri miðhálandisins og meginleiðum. Það gildir sérstaklega um uppbyggingu umfangsmeiri mannvirkja og þjónustu. Þar sem slíkt er ekki mögulegt sé þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun og feli þá einvörðungu í sér takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem skála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir.

Með fyrirvara um þessi sjónarmið og nánari útfærslu og umfang einstakra mannvirkja á hverju og einu svæði, sem mun koma til skoðunar í ráðuneytinu, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998, gerir ráðuneytið ekki frekari athugasemdir við skipulags- og matslýsingu fyrir nýtt aðalskipulag Múlaþings fyrir árin 2025-2045, en tekur fram að mikilvægt sé að áfram verði haft samráð við ráðuneytið við frekari skipulagsáform innan þjóðlendna í sveitarfélaginu.

Haft var samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, við afgreiðslu erindisins.

Með vinsemd og virðingu, Regína Sigurðardóttir, sérfræðingur.



Sveitafélagið Múlaþing  
Lyngási 12  
700 Egilsstöðum

Hafnarfjörður 17. janúar 2024  
Tilv. 2023-12-18-1173

Efni: Varðar skipulags og matslýsingu fyrir aðalskipulag Múlaþings 2025-2045

Fiskistofu vísar til beiðni um að veita umsögn vegna skipulags og matslýsingar fyrir aðalskipulag Múlaþings 2025-2045 sem nú er í kynningarferli í Skipulagsgátt.

Fiskistofa bendir á að umtalverðir hagsmunir eru fyrir lax- og silungsveiði innan umdæmis Sveitafélagsins Múlaþings. Fram kemur að veiðifélögum innan þess hefur verið boðið að veita umsögn um aðalskipulagið og telur Fiskistofa það jákvætt og mikilvægt. Fiskistofa tekur undir ábendingu Hafrannsóknastofnunar um að fjallað verði sérstaklega um málefni tengd lax- og silungsveiðinytjar í aðalskipulagi.

Fram kemur að heimildir um efnistöku- og efnislosunarsvæði verður yfirfarin. Fiskistofa bendir á að haft verði í huga að efnistaka verði skipulögð utan við virkan farveg fallvatna, vegna hugsanlegra neikvæðra áhrifa efnistöku eða losunar á lífríki í vatni, fiskstofna og aðstöðu til veiði.

Fiskistofa vill benda á að framkvæmd við veiðivötn kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu en um það gildir 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Sjá nánar: <https://island.is/leyfi-fiskistofu>

Virðingarfyllst,  
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs



Egilsstaðir 23.1.2024

**Sveitarfélagið Múlaþing**  
**Lyngási 12**  
**700 Egilsstöðum**

**Varðar: Umsögn ráðunautar um skipulags- og matslýsingu á Aðalskipulagi Múlaþings 2025-2045.**

Erindi barst með sjálfvirkum tölvupósti frá Skipulagsgáttinni, dagsett 18. desember 2023, um að Múlaþing óskaði eftir því að veitt yrði umsögn Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) um nýtt Aðalskipulag Múlaþings 2025-2045, nr. 1030/2023.

RML fagnar því að áhersla er lögð á flokkun landbúnaðarlands og vonar að það verði varðveitt sem slíkt, þá sérstaklega það land sem mikilvægt er svo að landbúnaðurinn þróist og dafni. RML vekur athygli á að við vafaatriði við flokkun landbúnaðarlands skal leita álita til ráðunauta og annarra staðkunnugra aðila s.s. bænda, skv. *Leiðbeiningum um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar* gefið út af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti árið 2021. Rétt flokkun er mikilvæg.

Í lokin langar RML að benda á að þar sem Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er nefnt þá vantar R í nafn fyrirtækisins.

Virðingarfyllt

*Anna Lóa Sveinsdóttir*

Anna Lóa Sveinsdóttir  
Ráðunautur hjá RML, Miðvangi 4 Egilsstöðum  
S. 516 5006 / 848 7076 og netfang als@rml.is

**Vegna:** Máls nr. 1030/2023, Aðalskipulag Múlapings 2025-2045 (Lýsing)

**Athugasemd:**

Góðan dag

Um leið og ég þakka góðan kynningarfund á vinnu við nýtt aðalskipulag sendi ég hér með inn umsögn/ábendingu innan tilskilins frests.

F.h. íbúa Kápugils í Berufirði (í fyrrum Djúpavogshreppi) óska ég eftir því að þegar unnið verður að fyrirhugaðri færslu veglínu við Teigarhorn og Framnes verði tekið tillit til íbúa Kápugils. Um leið og við fögnum auknu öryggi og aukinni fjarlægð frá þjóðvegi, fyrir íbúa Teigarhorns og Framness þá vekjum við athygli á því að m.v. núverandi áætlanir mun ónæði af umferð á þjóðvegi við Kápugil aukast til muna, hvoru tveggja vegna hávaða og aukinnar nálægðar. Með góðu móti er hægt að færa veginn án þess að það hafi of mikil áhrif á búsetu okkar í Kápugili, þannig að núverandi veglína verði áfram nýtt. Það mun auk þess fela í sér minni kostnað vegna verkefnisins (sjá meðfylgjandi fskj.)

Þá óskum við einnig eftir því að þegar farið verður í uppbyggingu við Teigarhorn þá verði okkar hagsmuna gætt, en líklegt er að umferð ferðamanna við húsið okkar muni margfaldast og það er eitthvað sem við höfum ekki áhuga á. Við höfum fullan skilning á mikilvægi uppbyggingar við Teigarhorn og styðjum hana, en óskum þó eftir því að með einhverjum hætti verði hægt að tryggja að ónæði skapist ekki af þeirri uppbyggingu við okkar eign.

Með kærri þakklæti,

Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir

**Höfundur:** Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir/doradrofn1409@gmail.com

**Sent inn þann:** 23.01.2024





SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- Bæjarsvæði (ónákv.)
- Útivistarsvæði (ónákv.)
- Verndarsvæði D (ónákv.)
- Lóðarmörk (ónákv.)
- Hættusvæði
- Vatnslofn
  
- Nýr hringvegur (frumhönnun)
- Aðkomuvegur (óstaðfest)
- Jarðvegsmannir
- Móttökusvæði
  
- == Uppbyggður akfær göngustígur
- Uppbyggður göngustígur
- Akfær gönguleið (ónákv.)
- Stíkuð gönguleið (ónákv.)
- Uppmældar fornleifar
- Staðsettar fornleifar (ekki mældar)

**TGJ**  
 TEIKNISTOFA  
 GUDRÚNAR JÓNSDÓTTUR  
 TJARNARGÖTU 4, 4. HÆÐ, 101 REYKJAVÍK  
 SÍMI: 5627750 GSM 6995920  
 NETF.: TGJ@TGJ.IS VEFSIÐA: WWW.TGJ.IS

DEIÐISGJAFUR  
 hannað: PR / GJ / EGG / DE tekið: VJ  
 málsvæði: 1:20.000 skali: 05 ljósmýndir: Loftmyndir ehf.  
 staða: kókið dagsetning: 15.11.2017  
 Tekn. nr.: DHO\_DTB\_0PB\_v1 útgáfa: 02

Múlaþing  
Sóley Valdimarsdóttir  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 23. janúar 2024

Tilvísun: 202312077 / 3.1

## Efni: Lýsing fyrir gerð Aðalskipulags Múlaþings 2025-2045

Múlaþing hefur, með erindi dags. 29. desember 2023, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 28. nóvember 2023, fyrir gerð nýs aðalskipulags fyrir sveitarfélagið, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Samþykkt var í skipulagsnefnd 4. desember 2023 og í sveitarstjórn 13. desember 2023 að kynna lýsinguna.

Um er að ræða nýtt aðalskipulag fyrir Múlaþing og fyrsta heildarskipulag fyrir sveitarfélagið eftir sameiningu þess árið 2020.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefnum nýs aðalskipulags en bendir á eftirfarandi atriði sem fjalla þarf um við mótun tillögu og umhverfismat hennar:

### Orkumál

Vakin er athygli á að stjórnvöld hafa lagt fram til kynningar í Samráðsgátt frumvarp um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku), auk þingsályktunartillögu um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku. Sé stefnt að mótun stefnu um vindorku í sveitafélaginu í heild sinni við endurskoðun aðalskipulagsins hvetur Skipulagsstofnun sveitarstjórn til þess að fylgjast náið með mótun vindorkustefnu og horfa til þeirra áhrifa sem hún kann að hafa á mótun stefnu um vindorkunýtingu í aðalskipulagsferlinu. Sömuleiðis hvetur stofnunin til þess að áform um vindorkuver sem nú þegar eru í skipulagsferli verði viðfangsefni endurskoðunar aðalskipulags fremur en að farið verði með þau sem sérstaka breytingu á gildandi aðalskipulagi. Minnt er á markmið 2.2 í landsskipulagsstefnu um umhverfis- og menningargæði þar sem því er m.a. beint til sveitarfélaga að leggja eigi flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreiningu og vistgerðarflokkun til grundvallar skipulagsákvörðunum.

### Byggð og samfélag

Samkvæmt lýsingunni er gert ráð fyrir að marka stefnu um 192-842 íbúðir á skipulagstímabilinu og bent á að fyrir liggur húsnæðisáætlun Múlaþings 2023-2032. Forsendur sem þar eru lagðar til grundvallar varðandi þörf á fjölgun og samsetningu íbúða til loka skipulagstímabilsins er mikilvæg forsenda stefnunnar, en athuga þarf að skipulagstímabil aðalskipulags er mun lengra en húsnæðisáætlunar.

Skipulagsstofnun bendir á að við stefnumótun varðandi búsetu verði horft til þess að beina íbúðar- og atvinnuuppbyggingu í auknum mæli inn á við innan vaxtamarka núverandi þéttbýlisstaða. Þetta rímar vel við áherslur landsskipulagsstefnu um að við skipulagsgerð verði miðað að því að styrkja hvert sveitarfélag með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru og að í dreifbýli tengist fjölgun íbúða einkum búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.

## **Þéttbýli**

Vakin er athygli á því að Skipulagsstofnun hefur gefið út leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli í skýrslunni „Mannlíf, byggð og bæjarrými“. Áhersla er lögð á að setja fram stefnu og leiðbeiningar um hvernig megi nýta skipulagsgerð til að stuðla að og tryggja hagkvæma og sjálfbæra landnýtingu í hinu byggða umhverfi þéttbýlis. Þá er mikilvægt að skipulagsgerð sé beitt til að stuðla að bættri lýðheilsu og vellíðan og styðji við aðgengi að vönduðum almenningstrýmum og aðstöðu til göngu- og hjólríða í daglegu lífi.

## **Landbúnaðarland og skógrækt**

Skipulagsstofnun fagnar því að stefnt sé að flokkun landbúnaðarlands í sveitafélaginu og minnir á að á grundvelli flokkunar landbúnaðarlands eru skilgreindir landnotkunarreitir landbúnaðarsvæða (L1, L2 o.s.frv.) á uppdráttum rétt eins og gildir um aðra landnotkunarflokk og sett um þá skipulagsákvæði sem taka eftir atvikum til verndar eða nýtingar svæðanna.

Stofnunin hvetur til að mörkuð verði skýr stefnu um heimildir til skógræktar án skilgreiningar á landnotkun skógræktar- og landgræðslusvæðis þ.e. við hvaða aðstæður skógrækt komi til álita og í hvað umfangi. Jafnframt þarf að setja fram stefnu um hvort uppbygging eða starfsemi sé heimiluð innan skógræktar- og landgræðslusvæða. Bent er á að leiðbeiningar um Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga hafa verið endurútfærðar og má finna á vef Skipulagsstofnunar.

## **Ferðaþjónusta**

Skipulagsstofnun fagnar því að sveitafélagið ætlar að móta stefnu fyrir ferðaþjónustu og að meðal annars verði horft til Áfangastaðaáætlunar Austurlands og samráðs við rekstraraðila í ferðaþjónustunni og aðra hagsmunaaðila. Að fenginni reynslu hvetur stofnunin til að tekin sé staðan á innviðum og gistirými á áfangastaðum og eftir atvikum framreiknuð líkleg fjölgun og þörf á innviðum og þjónustu. Vegna mögulegrar óvissu um segla ferðaþjónustu þarf aðalskipulagið að byggja á vissum sveigjanleika þegar kemur að ferðamannaíðnaðinum.

Skipulagsstofnun mælir sömuleiðis með að sett verði skýr stefna um áfangastaði á hálendinu og nýtingu fjallaskála og horft verði til flokkunar þeirra samkvæmt landsskipulagsstefnu.

Bent er á að stjórnvöld vinna nú að mótun aðgerðaáætlunar ferðamálastefnu fyrir Ísland, í samræmi við stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar, sem byggir á sjálfbærri þróun á grunni efnahags-, umhverfis- og samfélagslegs jafnvægis. Í byrjun árs 2023 lauk stefnumörkun um ferðaþjónustu og haustið 2023 voru fyrstu drög að aðgerðum í aðgerðaráætlun ferðamálastefnu 2030 kynnt í Samráðsgátt stjórnvalda. Skipulagsstofnun hvetur sveitarstjórn til þess að fylgjast náið með áframhaldandi mótun aðgerðaáætlunarinnar við mótun eigin stefnu um ferðamál í sveitafélaginu.

## **Tengsl við aðrar áætlanir**

Skipulagsstofnun bendir á að „Vindorkugreining fyrir Múlaping“, „Landslag á Íslandi“, og „Endurskoðað hættumat vegna ofanflóða við Seyðisfjörð nóvember 2019“ eru ekki áætlanir á lands- eða svæðisvísu heldur forsendugögn sem horfa þarf til við stefnumótun varðandi þessa málaflokka.

Til viðbótar við þær áætlanir sem nefndar eru í lýsingunni leggur Skipulagsstofnun til að horft verði til „Vatnaáætlunar 2022-2027“ vegna þeirra áhrifa sem stefnurnar geta haft á skipulagsgerðina.

## **Umhverfismatskýrsla**

Val á umhverfisþáttum þarf að taka mið af staðháttum í sveitarfélaginu og viðfangsefnum skipulagstillögunnar. Skoða þarf t.d. hvort tilefni er til að huga sérstaklega að ákveðnum umhverfisþáttum sem geta tengst blandaðri byggðarþróun þéttbýlis, verndun góðs landbúnaðarlands eða áhrif af samþættri stefnu um byggð og samgöngur í þéttbýli á heilsu og vellíðan.

### **Vegir í náttúru Íslands**

Skipulagsstofnun vinnur að endurskoðun leiðbeininga um vegaskrá og högun og skil á gögnum og þess er að vænta að þeirri vinnu ljúki á allra næstu vikum.

Senda þarf stafræna vegaskrá til Vegagerðarinnar til rýni samhliða því að tillaga að aðalskipulagi er sett fram í Skipulagsgátt til athugunar fyrir auglýsingu sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Sveitastjórn þarf að samþykkja vegaskrá sérstaklega samhliða samþykkt aðalskipulags.

### **Stafrænt aðalskipulag**

Þegar sveitastjórn leggur fram aðalskipulagstillögu til athugunar fyrir auglýsingu í Skipulagsgátt þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum og vegaskrá á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna.

### **Samráð og kynning**

Skipulagsstofnun óskar eftir að fá tillögu á vinnslustigi til umsagnar á kynningartíma hennar.

Leitað verði umsagnar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Lands og skógar.

Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að afgreiða erindið.

Guðjón Erlendsson



Sveitarfélagið Múlaþing  
Lyngási 12  
700 Egilsstöðum

25. janúar 2024  
2023-12-51/0.11.2

## Efni: Umsögn Landsnets um skipulagslýsingu fyrir heildarendurskoðun aðalskipulags Múlaþings

Landsneti barst, þann 18. desember 2023, beiðni um að veita umsögn um skipulagslýsingu fyrir heildarendurskoðun aðalskipulags Múlaþings, mál nr. 1030/2023 í Skipulagsgáttinni. Umsagnafrestur er til 31. janúar 2024.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Í kafla 3.3.3. í auglýstri skipulagslýsingu eru flutningslínur Landsnets tilgreindar. Landsnet telur mikilvægt að í aðalskipulaginu verði sett stefna um flutningskerfi rafmagns í samræmi við Kerfisáætlanir<sup>1</sup>. Unnið er að mótun Kerfisáætlunar 2023-2032<sup>2</sup> og má búast við áætlunin verði staðfest á vinnslutíma skipulagsins.

Landsnet vekur einnig athygli á að mikilvægur hluti flutningskerfis rafmagns liggur um sveitarfélagið og bendir á kortavefsjá fyrirtækisins <https://www.map.is/landsnet/> en þar má sjá nákvæma legu háspennulína og tengivirkja.

Landsnet telur mikilvægt að í aðalskipulagi verði fyrirtækinu veitt eðlilegt svigrúm til aðgengis að línumannvirkjum í heild en tilgangur þess væri að fyrirtækið geti óhindrað sinnt viðhaldi og viðgerðum. Það á einnig við um breytingar á þessum innviðum, svo sem lítilsháttar tilfærslu línuleiðar eða breytingum á mastragerðum og fleiru. Landsnet telur æskilegt að fram komi að línurnar séu á vegum Landsnets og að fyrirtækið fari með málefni sem þær varðar.

Landsnet bendir jafnframt á að háspennulínur liggja víða um svæði þar sem búast má við að áform verði um uppbyggingu og framkvæmdir, s.s. svæði fyrir fristundabyggð, verslunar- og þjónustusvæði, landbúnaðarsvæði og skógræktar- og landgræðslusvæði. Æskilegt er að í viðeigandi landnotkunarköflum verði sett stefna um framkvæmdir og umgengni í nálægð við línurnar og helgunarsvæði þeirra. Mikilvægt er að önnur landnotkun taki mið af þeim takmörkunum sem gilda um helgunarsvæðin. Innan þeirra gildir byggingarbann sem þýðir að á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki. Einnig er skógrækt takmörkunum háð, en ýmis önnur landnotkun er leyfð. Frekari upplýsingar um skipulag og framkvæmdir við háspennulínur er að finna í leiðbeiningabæklingnum *Háspennulínur – aðgát skal höfð*<sup>3</sup> og í öryggisreglum um jarðstrengi<sup>4</sup> sem er að finna á heimasíðu Landsnets.

Landsnet leggur áherslu á að tengivirki á vegum fyrirtækisins verði tilgreind í aðalskipulaginu og að sett verði ákvæði sem veiti svigrúm til uppbyggingar og endurbóta.

Virðingarfyllt,

---

Rut Kristinsdóttir  
Sérfræðingur umhverfismála

---

<sup>1</sup> <https://landsnet.is/utgafa-og-samskipti/ritogskyrslur/>

<sup>2</sup> <https://www.landsnet.is/utgafa-og-samskipti/ritogskyrslur/kerfisaaetlun-2023-2032/>

<sup>3</sup> <https://www.landsnet.is/library?itemid=3621e393-da27-4fe6-904e-76d3373f4932>

<sup>4</sup> LEI-0068 | LEI 0-68 Vinna framkvæmdaraðila eða verktaka við þverun eða jarðvinnu í námunda við jarðstrengi Landsnets | QM (ccq.cloud)

# Undirritunarsíða

Rut Kristinsdóttir

Mál nr. 1030/2023 í Skipulagsgátt

**Vegna:** Máls nr. 1030/2023, Aðalskipulag Múlaþings 2025-2045 (Lýsing)

**Athugasemd:**

Erindi barst sveitarfélaginu gegnum Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar þann 18. desember 2023. Óskað er eftir umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar á skipulagslýsingu vegna endurskoðunar Aðalskipulags Múlaþings 2025-2045.

Umhverfis- og skipulagsnefnd gerir engar athugasemdir.

**Höfundur:** Anna Bragadóttir/anb@efla.is

**Sent inn þann:** 26.01.2024 , **Fyrir hönd:** Sveitarfélagið Hornafjörður





## Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Tjarnarbraut 39e · 700 Egilsstaðir · Sími 470 3800 · [ssa@ssa.is](mailto:ssa@ssa.is) · [www.ssa.is](http://www.ssa.is)

Múlaþing  
Sóley Valdimarsdóttir  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Egilsstaðir, 26. janúar 2024.

### Efni: Skipulags- og matslýsing vegna nýs aðalskipulags Múlaþings 2025 - 2045.

Svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Austurlandi hefur borist ósk Múlaþings um umsögn við skipulags- og matslýsinu fyrir aðalskipulag Múlaþings 2025 – 2045.

Svæðisskipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við skipulags- og matslýsingu fyrir nýtt aðalskipulag Múlaþings að svo stöddu. Nefndin hvetur sveitarfélagið að gæta þess í vinnslutillögu að aðalskipulagið taki mið af framtíðarsýn landshlutans eins og hún birtist í Svæðisskipulagi Austurlands 2022 – 2044.

Virðingarfyllt  
f.h. svæðisskipulagsnefndar SSA

Dagmar Ýr Stefánsdóttir  
framkvæmdastjóri SSA

**Vegna:** Máls nr. 1030/2023, Aðalskipulag Múlapings 2025-2045 (Lýsing)

**Athugasemd:**

Í núverandi aðalskipulagi er fjöldi íbúðarhúsa takmarkaður við 3 hús á hverju lögbýli. Í mörgum tilvikum eru ábúendur fleiri en einn og tengdir aðilar sem kjósa að eiga heimili sitt í dreifbýlinu. Æskilegt væri að hægt væri að byggja fleiri en 3 íbúðarhús á lögbýlum og gera í því sambandi deiliskipulag án þess að þurfa að byrja á að breyta aðalskipulagi. Þetta á ekki síst við þær jarðir sem liggja nærri þéttbýli. Má þar nefna Egilsstaði 1 þar sem þegar eru 3 íbúðarhús og þarf því aðalskipulagsbreytingu til að byggja megi fleiri.

**Höfundur:** Vigdís Magnea Sveinbjörnsdóttir/viddy@simnet.is

**Sent inn þann:** 28.01.2024

**Vegna:** Máls nr. 1030/2023, Aðalskipulag Múlaþings 2025-2045 (Lýsing)

**Athugasemd:**

Tekin fyrir beiðni frá Múlaþingi um umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna nýs aðalskipulags sveitarfélagsins, Aðalskipulag Múlaþings 2025-2045.

Skipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við skipulags- og matslýsinguna. Erindinu vísað í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar. Samþykkt samhljóða.

**Höfundur:** Anna Bragadóttir/anb@efla.is

**Sent inn þann:** 30.01.2024 , **Fyrir hönd:** Þingeyjarsveit

Sveitarfélagið Múlaþing  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Sent í gegnum skipulagsgátt

Reykjavík, ... 2024

## Efni: Umsögn Landverndar vegna kynningar á skipulags- og matslýsingu vegna aðalskipulags fyrir Múlaþing

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér skipulags- og matslýsingu vegna nýs aðalskipulags fyrir Múlaþing og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

### Almennar athugasemdir um aðalskipulagið í heild

**Stefna:** Aðalskipulag er almennt skilgreint sem stefna sveitarfélags um landnotkun, náttúruvernd og þróun byggðar í öllu sveitarfélaginu. Henni er ætlað að stuðla að markvissri þróun. Við gerð aðalskipulags þarf að taka mið af landskipulagsstefnu og svæðisskipulagi. Stjórn Landverndar saknar þess að í þessari skipulags- og matslýsingu er ekki mikið hægt að finna um stefnu sveitarfélagsins og lýsingin virðist ekki mótast af henni. Síðasta aðalskipulag Fljótshéraðs var t.d. byggt á stefnu þess sveitarfélags frá 2007. En hver er núverandi stefna nýs sveitarfélags? Aðalskipulag þetta er nú mótað á grunni 4 sveitarfélaga sem eru um margt með ólíkar landslagsheildir, innviði, þjónustu og menningarsögu. Mikilvægt er því að unnið verði með sérstöðu hvers svæðis í skipulagi ekki síst út frá umhverfi, náttúru og menningu og byggja ofan á það skipulag sem þegar liggur fyrir í þessum fjórum sveitarfélögum með heildstæða sýn á framtíðina. Mikilvægt fyrsta skref í skipulagsgerð er að hið nýja sveitarfélag móti sér skýrt leiðarljós og stefnu með skýrri framtíðarsýn ekki síst í stærstu áskorunum eins og umhverfismálum. Í forsendum fyrir hvert mál er meira horft til núverandi aðstæðna, en minna á framtíðarsýn, þ.e. hvert sveitarfélagið vill stefna? Að mati Landverndar þarf skipulags- og matslýsingin að innihalda meira innihald sem vísar í kjarnaða stefnu svo hægt sé að sjá hvert hið nýja sveitarfélag vilji raunverulega stefna á gildistíma fyrirbyggjandi aðalskipulags.

**Tengsl við aðrar áætlanir:** Lítið er vísað í landsskipulagsstefnu eða í svæðisskipulag. Atriði úr þeim ásamt viðeigandi lögum og reglugerðum ætti að bæta við sem forsendur fyrir hvert mál. Í vinnslu er ný landsskipulagsstefna og þjóðlendulína er einnig í vinnslu. Ákveðin óvissa liggur því fyrir á þessu stigi um hvernig landnýtingu verður háttáð m.a. innan nýrrar þjóðlendulínu.

Í aðalskipulagi reynir m.a. á því hvort hægt er að framkvæma eftir því sem sett er fram í svæðisskipulagi. Stjórn Landverndar veltir fyrir sér hvort farið hefur fram mat á samræmingu Svæðisskipulags Austurlands gagnvart aðbyggjandi sveitarfélögum. Mikilvægt er að slíkt mat liggi fyrir.

**Í takt við tímann:** Áskoranir samtímans og framtíðar eru stór og flókin á borð við loftslagsvá, tap á líffræðilegri fjölbreytni og við að framfylgja sjálfbærri þróun. Sveitarfélög spila stórt hlutverk í því að framkvæma aðgerðir og að skapa þann jarðveg og þá möguleika fyrir alla aðila svæðisins til þess að taka virkan þátt og jafnvel vera leiðandi í mikilvægum aðgerðum. Það væri úr takt við tímann ef loftslagsmálin, líffræðilega fjölbreytni, sjálfbær þróun og þar með talin heimsmarkmiðin myndu ekki skapa þann ramma sem móta aðalskipulagið. Hér með skorar stjórn Landverndar á sveitarfélagið Múlaþing að skýra vel þennan ramma m.t.t. Parísar- og Dubai-samkomulags og áætlun stjórnvalda um kolefnishlutleysi, til COP15 Montreal samkomulagsins 2022 um líffræðilega fjölbreytni, m.t.t. sjálfbærrar þróunar og heimsmarkmiða. Hrun vistkerfa á heimsvísu er staðreynd sem þarf að taka jafn alvarlega og loftslagsmálin og sú viðurkenning var staðfest af íslenskum stjórnvöldum á COP15. Þessi rammi þarf að hafa áhrif á öll mál innan aðalskipulags og vera raunverulegt leiðarljós í skipulaginu. Alls staðar þarf að skýra frá áætluðum leiðum og aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, draga úr mengun, stuðla að vernd náttúrunnar, vistkerfa og líffræðilega fjölbreytni og efla lífsstíl sem er í anda sjálfbærrar þróunar.

Í skipulags- og matslýsingu sem liggur fyrir hér er m.a. nokkrum sinnum talað eingöngu um hagkvæmni, eins og t.d. á bls. 11 og 12 um hagkvæma þróun byggðar, á bls. 15 um hagkvæma þróun landbúnaðar, á bls. 20 um hagkvæma nýtingu auðlinda. Augljóst er að slíkt tal er ekki í takt við tímann þar sem hér er einungis talað um eina af þremur stoðum sjálfbærrar þróunar. Eitthvað sem er hagkvæmt þarf ekki endilega líka að vera jákvætt fyrir samfélagið eða umhverfið. Það er gamaldags að leggja aðaláherslu á einn þátt heldur þarf að hugsa alla þættir í samhengi. Sérstaklega þar sem við vitum núna að það hefur ekki vísað okkur á rétta leið að huga aðallega að hagfræðilegum þáttum. Velferðarmál, lýðheilsa, mannvæn gildi, önnur velsældarmarkmið og umhverfismálin verður að mæla inn í allt skipulag til framtíðar ef fylgja á heimsmarkmiðunum.

Þannig að þessi skipulags- og matslýsing vísar ekki til nægilega skapandi hugsunar og/eða þar sem að finna að taka eigi fullnægjandi mið af breyttri heimsmynd. Þessi vinna við aðalskipulagið byggir um of á stöðnuðum hugsunargangi og er um of byggt á gamalli forgangsröðun og gildum sem eru barn síns tíma, gildum sem ekki tala inn í framtíðina.

### **Athugasemdir um einstök málefni**

Eins og áður hefur komið fram þá gerir stjórn Landverndar athugasemdir við það að á bls. 11 er talað um *stefnu og framtíðarsýn sem stuðlar að hagkvæmri þróun byggðar í sveitarfélaginu*. Það skiptir höfuðmáli að strax í upphafi er sett fram stefna og framtíðarsýn sem er í takt við tímann og ekki byggt á gamalli sýn. Lagt er til að hér muni standa: *stefna og framtíðarsýn sem stuðlar að sjálfbærri þróun byggðar í sveitarfélaginu*.

Á bls. 12 eru tvö atriði sem leggja skal áherslu á. Í seinna atriði er lagt til að bæta við: og stuðla að því að draga úr mengun, losun gróðurhúsalofttegunda, vernda náttúruna og stuðla að góðum lífsskilyrðum fyrir alla. Þessi atriði haldast yfirleitt í hendur við bættu lýðheilsu og heilsusamlega lífnaðarhættir sem eru tilgreint í þessu skjali og munu styðja við heimsmarkmiðin.

Á bls.12 er aftur talað um hagkvæma þróun byggðar sem þarf að breytast í sjálfbæra þróun byggðar.

Stjórn Landverndar fagnar mjög stefnu um 20 mínútna bæinn. Þetta er góð leið til þess að stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda, minnka mengun og bæta lýðheilsu. Bent er á að í svæðisskipulagi er talað um 15 mínútna bæinn. Mikilvægt er að samræma þetta.

Í umfjöllun um frístundabyggð á bls. 13 þarf að tilgreina að taka þarf tillit til náttúruverndarsjónarmiða, óbyggðir og viðerni í stefnu sveitarfélags varðandi uppbyggingu á frístundabyggð og tilheyrandi þjónustu.

Í kaflanum um íþróttir og útivist á bls. 13 vantar að fjalla um náttúruverndarsjónarmið og ekki síst meira um þá fjölbreytilegu útivist sem er í boði eða væri æskilegt að bæta við. Útivist er lýðheilsuþema sem hafa sterka tengingu við íþróttir.

Á bls. 15 er fjallað um atvinnu. Eins og í öllum málum þurfa loftslagsmálin, líffræðileg fjölbreytni og sjálfbær þróun að gefa ramman utan um atvinnumálin. Það kemur ekki skýrt fram hér. Aftur er einungis talað um hagkvæmni og er lagt til að þar komi í staðinn: *að stuðla að sjálfbærri þróun landbúnaðar o.s.frv.* Hvað er átt við að vernda gott landbúnaðarland og hvernig á að fylgja því eftir? Mikilvægt væri að vernda og viðhalda frjósemi og fjölbreytileika vistkerfa því slíkt land getur oft einnig vera nýtt til landbúnaðar ef það verður þörf á. Óljóst er hvað átt er við eftirfarandi setningu á bls. 16: *Skilgreina heimildir til uppbyggingar og fyrir staðbundna atvinnu án beinna tengsla við landbúnaðarframleiðslu.* Spurt er hvort þetta vinni ekki á móti því að vernda gott landbúnaðarland?

Í forsendum varðandi landbúnað á bls. 16 vantar að nefna lífrænan landbúnað og hvort skógrækt bænda og landeigenda er ekki flokkað sem landbúnaður. Náttúruvernd, loftslagsmálin, líffræðileg fjölbreytni og beitarmál með tilheyrandi lögum og reglum þurfa að vera hluti af forsendum. Ef Múlaþing myndi setja sér hér öflugan framtíðarsýn og æskilega stefnu þá gætir hún stuðlað að mörgum tækifærum til að efla landbúnað svæðisins m.t.t. sjálfbærrar þróunar.

Varðandi iðnað, athafnarstarfsemi og orkuvinnsla á bls. 16 og 17. Hvernig er vitað um þörf fyrir svæði ef það vantar stefnu og framtíðarsýn? Athugasemd er gert við orðnotkun sjálfbær orka. Þó að orkuöflun með endurnýjanlegum orkugjöfum sé með minni losun gróðurhúsalofttegunda og kallast oft græn orka þá er hún ekki endilega sjálfbær og græn. Svo er einfaldlega um orkuframleiðslu að ræða þar sem virkjanir eru undantekningalaust merktar í landnotkunarflokki iðnaðarsvæða.

Helstu forsendur í þessum kafla þurfa sérstaklega að miða við náttúruverndarlögin og við þörfina fyrir meiri orkuöflun, en um hana eru mismunandi skoðanir og niðurstöður.

Hentugleiki svæða til nýtingar vindorku á ekki að vera grundvöllur frekari stefnumótunar heldur fyrst og fremst hvort það er þörf á meiri orku, til hvers og fyrir hvern auk niðurstaðna rammaáætlunar og stefnu landsins í vindorkumálum. Ef áhugi er á að byggja vindorkuver þá þarf sveitarfélagið sömuleiðis að sýna fram á bæði umhverfis- og efnahagslegan ávinning fyrir samfélagið allt og rökstyðja það í stefnu.

Stjórn Landverndar leggur til að í kaflanum um ferðabjónustu verði fléttuð saman þróun á ferðamálum og náttúruvernd. Náttúran er mesta aðdráttarafli ferðamanna og öflug náttúruvernd og góð ferðabjónusta geta stuðlað að hvoru öðru þegar vel er haldið á málunum. Skoða þarf líka þolmörk einstakra svæða og einnig landsvæðisins í heild fyrir t.d. komu skemmtiferðaskipa. Í forsendum fyrir ferðabjónustuna vantar, eins og alls staðar, að hafa ákveðna framtíðarsýn og stefnu.

Á bls. 18 er talað um skógrækt og landgræðslu. Mikilvægt er að slík stefna verði ekki einungis yfirfarin og mörkuð í samræmi við skipulagsreglugerð, eins og stendur í skjalinu heldur einnig í samræmi við lög, reglur og stefnu um skógrækt og landgræðslu, um náttúruvernd og ekki síst um vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Á korti á bls. 19 væri best ef myndir sýndu ekki bara formlega landgræðslusvæðin heldur öll helstu svæðin þar sem landgræðsla fer fram víðs vegar um Múlaping.

Á bls. 20 vantar að leggja áherslu á að samgöngukerfi sem muni stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda og gerir 20/15 mínútna bæinn raunhæfan.

Það vantar skýra stefnu um að hafnarsvæðin stuðli að orkuskiptum. Og er engin stefna um að draga úr mengun skipa með svartolíu?

Á bls. 21 er tilgreint að höfnin á Borgarfirði eystri hefur fengið Bláfánann. Því miður þá er það langt síðan og slík vottun ekki lengur í boði meðal annars vegna mikilla fráveituvandamála hjá of mörgum sveitarfélögum og eru sveitarfélög hvött til að bæta úr því. Það gæti verið í stefnu Múlapingis að hafnir sveitarfélags leitast við að vera sem umhverfisvænust og óska einnig eftir því að vottunarferli í anda Bláfánans verði aftur tekið upp.

Bls. 22: Múlaping ætti að stefna að því að nota seyru til uppgræðslu.

Bls. 24 um loftslag: Mjög mikilvægt er að tekið verður tillit til loftslagsmála í öllum málefnum aðalskipulags og að aðgerðir verði fléttaðar alls staðar inn. Auk þess er þessi kafli mjög rýr og ekki byggður upp eins og þarf. Hver eru t.d. viðfangsefnin og forsendur?

Það vantar mjög stefnu Múlapingis í náttúru- og minjavernd. Textinn um forsendur er mjög rýr og m.a. ekkert fjallað um náttúruvernd og mikilvægi og tilgang hennar og tækifæri. Einungis eru nefnd þau svæði sem eru nú þegar í verndarflokki en ekkert um það hvert skal stefna eða hvað væri æskilegt t.d. með tilliti um að verja stöðu líffræðilegrar fjölbreytni og sporna gegn hruni vistkerfa. Múlaping á mörg frábærlega aðlaðandi svæði sem eru tilvalinn til að friðlýsa bæði hvað varðar náttúru- og minjavernd.

Á bls. 27. er komið inn á hverfisvernd, að yfirfara afmörkun út frá áherslum sveitarfélagsins og stefnu um friðun náttúru- og menningarminja. Þá er komið sérstaklega inn á að mörg hverfisverndarsvæði séu nú þegar skilgreind í Djúpavogshreppi. Þar sem Landvernd sér hvergi áherslur sveitarfélagsins Múlapingis þá er erfitt að greina hvort sé verið að horfa til þess að viðhalda núverandi afmörkun, minnka eða stækka svæði og eða gera tillögu um ný svæði. Þá er vikið sömuleiðis að stefnu um náttúru- og menningarminjar. Þar sem er vikið sérstaklega að fyrrum Djúpavogshreppi í þessum efnum hvetur Landvernd sveitarfélagið til þess að standa áfram heilshugar að baki þeirri stefnu sem mörkuð er í gildandi Aðalskipulagi

Djúpavogshrepps hvað varðar hverfisvernd og friðun náttúru og menningarminja. Djúpavogshreppur hefur einmitt vakið mjög jákvæða athygli út á þá stefnu sem sveitarfélagið setti sér í umhverfis- og náttúruvernd og má þar nefna til sögunnar innleiðingu Cittaslow sem einmitt styður sérstaklega vel við þau metnaðarfullu verkefni sem unnið var að samhliða hvað varðar vernd náttúru og menningarminja. Mikilvægt er að sveitarfélagið horfi til þeirra tækifæra sem almennt eru falinn í náttúru- og menningarminjum innan alls sveitarfélagsins en mjög víða eru að finna svæði sem mikilvægt er að taka sérstaklega utan um í sveitarfélaginu og gera meðal annars tillögu um friðlýsingu eða setja aðra verndarskilmála. Má í þessu sambandi nefna Úthérað, Borgarfjörð og Víknaslóðir sem Landvernd metur sem eina áhugaverðustu náttúru- og göngu paradís á Íslandi. Til að koma á virkri umferðarstjórnun innan þessara svæða með leiðbeinandi merkingum og upplýsingum er gríðarlega mikilvægt í ljósi aukinnar ferðamennsku að marka skýra stefnu um framtíð þeirra svæða sem eru til þess fallinn að njóta verndar. Hið nýja sveitarfélag Múlaþing á því gríðarlega mikil sóknarfæri til að efla allt svæðið og ímynd þess með hliðsjón af stærstu atvinnugreininni ferðaþjónustunni og menningunni með því að marka metnaðarfulla stefnu í þessum málaflokkum sem tengjast órjúfanlega bæði ferðamennsku og náttúru- og minjavernd.

Á bls. 28 byrjar kafli um tengsl við aðrar áætlanir. Eins og kemur fram í byrjun á þessum athugasemdum stjórnar Landverndar þá er hún þeirrar skoðunar að alþjóðlegar skuldbindingar / samkomulag og stefnur eins og Parísasamkomulagið, Montreal-samkomulagið og stefna um sjálfbæra þróun og þar með heimsmarkmiðunum eiga að vera leiðandi og mynda þann ramma sem aðalskipulagið þarf að fara eftir. Það þarf að koma mun skýrara fram hér.

Í töflu 4 vantar Parísarsamkomulagið.

Í töflu 7 um umhverfisþætti og matsspurningar leggur stjórn Landverndar til að bætt verði við eftirfarandi matsspurningar:

- Varðandi umhverfisþátt samfélag: Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á - sjálfbærari lífnaðarhætti?
- Varðandi umhverfisþátt náttúru: Hefur framfylgt stefnunnar áhrif á –
  - Losun gróðurhúsalofttegunda?
  - Mengun?
  - Gróður- og jarðvegseyðingu?
  - Dýra- og plöntutegundir sem njóta sérstakrar verndar?
  - Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra og/eða platna?
- Varðandi umhverfisþáttinn vernd: Hefur framfylgd stefnunnar áhrif á – að hægt sé að bæta við fleiri svæðum í ákveðna verndarflokka?

Á bls. 32 er fjallað um kynningu og samráð. Í 1. áfanga er tekið fram: *Greining á skipulagsforsendum og þeim áskorunum sem sveitarfélagið stendur frammi fyrir*. Mikilvægt er að sveitarfélagið vinni þétt með íbúum á hverju svæði fyrir sig innan nýs sveitarfélagsins og að samráð verði metnaðarfullt þannig að þess sjáist staður í hinni endanlegu tillögu. Landvernd leggur því mikla áherslu á að íbúalýðræði verði virkt og sömuleiðis vill Landvernd



leggja til að Náttúruverndarnefndir sveitarfélagana leggi sjálfstætt ráðgefandi mat á þá þætti sem mestu máli skipta í umhverfis- og náttúruvernd í öllu sveitarfélaginu.

### Í lokin

Stjórn Landverndar hvetur sveitarfélagið að vinna að öflugri stefnu og framtíðarsýn á grunni velsældarmarkmiða, loftslagsmála, náttúru og umhverfisvernd og með hliðsjón af breyttri heimsmynd. Mikilvægt er því að sveitarfélagið marki um það stefnu hvernig það hyggst takast á við áskoranir til nánustu framtíðar. Hvernig sveitarfélagið ætli að efla almeningsfræðslu og fræðslu og menntun á öllum skólastigum og horfa til fleiri atvinnuþátta við uppbyggingu en sveitarfélagið hefur gert til þessa. Fjölbreytt samfélags- og atvinnustefna í sátt við umhverfi og íbúa er lykillinn að góðri stefnumörkun til heilla fyrir svæðið.

*Með vinsemd og virðingu,*

*fh. stjórnar Landverndar*

*Þorgerður María Þorbjarnardóttir, formaður*

Mál nr. 1030/2023 í Skipulagsgátt

**Vegna:** Máls nr. 1030/2023, Aðalskipulag Múlapings 2025-2045 (Lýsing)

**Athugasemd:**

Ég fagna því að það skuli eiga að skilgreina og flokka landbúnaðarland í nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins. Þá er það mín von að skipulagið taki fullt tilið varðveislu ræktarlands lögbýlisins Egilsstaða 1 þannig að þar megi áfram reka landbúnað.

**Höfundur:** Gunnar Jónsson/gunnarjeps@simnet.is

**Sent inn þann:** 30.01.2024



Reykjavík 30. Janúar 2024

## **Umsögn Samút, Samtaka útivistarfélaga, um Skipulags- og matslýsingu fyrir Aðalskipulag Múlaþings 2025-2045.**

Við gerum ekki efnislegar athugasemdir en bendum á nokkur atriði sem eru mikilvæg í framhaldi þessarar vinnu.

### **1. Við minnum Múlaþing á skyldur sveitarfélagsins um að gera skrá yfir vegi í náttúru Íslands.**

Vegargerðin og Skipulagsstofnun voru að gefa út ritið „Vegir í náttúru Íslands 2. útgáfa, janúar 2024“. [https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturu-islands\\_v4.pdf](https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturu-islands_v4.pdf)

Í ritinu kemur fram að „Æskilegt er að kynna skrá yfir vegi í náttúru Íslands samhliða kynningu á vinnslutillögu aðalskipulags“ og að „Þegar aðalskipulagstillaga er samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn og send til Skipulagsstofnunar til athugunar fyrir auglýsingu, samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga, skal fylgja með tillaga að stafrænni skrá yfir vegi í náttúru Íslands.“

Talsverð vinna fylgir því að gera þessa skrá og innihald hennar er mikilvægt fyrir þá sem njóta þjóðlendnanna. Við leggjum því til að Múlaþing hefji þessa vinnu strax og láti kynningu á skránni fylgja vinnslutillögu aðalskipulags þegar hún verður kynnt.

Við minnum á verkefni sem var unnið fyrir nokkrum árum á vegum Landmælinga Íslands þar sem yfir 20.000 km af vegslóðum voru ferlaðir með nákvæmum mælitækjum. Þetta verkefni má nýta til að afla upplýsinga um tilvist vegslóða svo hægt verði að taka þá inn í skipulagið.



**2. Við bendum á að taka þarf afstöðu til slóða sem eru ekki notaðir af öðrum en veiðimönnum eða við landbúnaðarstörf.**

Vandinn er minni varðandi slóða sem einungis eru notaðir við landbúnaðarstörf vegna þess að eftir þeim má aka samkvæmt ákvæðum náttúruverndarlaga um löglegan akstur utan vega. Vandinn er meiri vegna þeirra veiðislóða sem hafa ekki verið kortlagðir, eru ómerktir, eru nánast ósýnilegir og verða þannig áfram ef þeir eru einungis farnir nokkrum sinnum á hverju hausti. Tilvist þessara vegslóða er ekki viðurkennd í regluverkinu kringum vegi í náttúru Íslands.

**3. Við bendum Múlapingi á skylduna um samráð við Samtök útivistarfélaga eins og kemur fram í ritinu um „Vegi í náttúru Íslands“:**

„Við tillögugerðina á að hafa samráð við Vegagerðina, Umhverfisstofnun og önnur stjórnvöld þjóðgarða þar sem það á við, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðapjónustunnar.

Þar sem skrá yfir vegi í náttúru Íslands er unnin samhliða gerð aðalskipulags er að einhverju leyti unnt að samþætta samráð við gerð skrárinnar við það samráð sem lagt er upp með vegna vinnslu viðkomandi aðalskipulagstillögu. Þar á meðal samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Engu að síður er mikilvægt að sérstakt samráð eigi sér stað, með ofangreindum aðilum, sem sérstaklega beinist að ákvörðun um vegi í náttúru Íslands og skráningu þeirra.“

Við gerum í þessu sambandi ráð fyrir virku samráði en ekki einungis skilaboðum í kynningarferli gegnum samráðsgátt.

Virðingarfyllt  
fh. framkvæmdarstjórnar SAMÚT  
Sveinbjörn Halldórsson formaður

# Umsögn Ferðaklúbbsins 4x4 um Skipulags- og matslýsingu fyrir Aðalskipulag Múlapings 2025-2045.



Reykjavík 30. janúar 2024

Við gerum ekki efnislegar athugasemdir en bendum á nokkur atriði sem eru mikilvæg í framhaldi þessarar vinnu.

Við tökum heilshugar undir athugasemdir Samút, *Samtaka útivistarfélaga*, sem eru settar fram í þremur efnisliðum og bendum á að Ferðaklúbburinn 4x4 er aðili að Samút.

1. Áminning og rökstuðningur Samút um skyldur sveitarfélagsins til að gera skrá yfir vegi í náttúru Íslands.
2. Ábending Samút um að taka þurfi slóða sem notaðir eru af veiðimönnum og vegna landbúnaðarstarfa til efnislegrar meðhöndlunar.
3. Áminning Samút um skylduna til samráðs við skráningu vega í náttúru Íslands og að þar dugi ekki samtal gegnum samráðsgátt.
4. Í kafla 6.3 er listi yfir umsagnaraðila og óskað eftir ábendingum ef aðila vantar á listann. Við teljum að Ferðaklúbburinn 4x4 eigi að vera á listanum sem aðili á landsvísu. Ferðaklúbburinn 4x4 er reyndar aðili að SAMÚT sem er á listanum en við teljum þetta mikilvægt vegna mikils áhuga og hagsmuna Ferðaklúbbsins 4x4 um málefni ökuleiða í þjóðlendum. Við bendum í þessu sambandi á að þjóðlendurnar eru eign allrar þjóðarinnar en ekki bara aðliggjandi sveitarfélaga.

Virðingarfyllst, f.h. Ferðaklúbbsins 4x4

Sveinbjörn Halldórsson  
Formaður Ferðaklúbbsins 4x4

Þórarinn Garðarsson  
Umhverfisnefnd

Sveitarfélagið Múlaþing  
Lyngási 12  
700 Egilsstöðum

Egilsstöðum 29.1. 2024

Samtökin Landsbyggðin lífi þakka boð um að veita umsögn vegna kynningar á skipulags- og matslýsingu vegna aðalskipulags fyrir Múlaþing 2025-2045 og viljum við benda á nokkur atriði.

Á bls. 27 er getið um að mengaður jarðvegur komi fram á kortasjá. Unnið hefur verið að skráningu staða þar sem gripir sýktir af miltisbrandi hafa verið urðaðir. Vitneskja um þessa staði hlýtur að vera mikilvæg fyrir skipulagsvinnu en okkur er ekki kunnugt um hvort þessara staða sé getið í samhengi við skrá um mengaðan jarðveg. Sigurður Sigurðarson, dýralæknir, hefur á nokkrum nýliðnum árum leitað uppi, staðsett og merkt á annað hundruð miltisbrandsgrafir víðsvegar á landinu og þar á meðal allmargar í Múlaþingi.

Í sambandi við vernd fornminja og menningarminja bendum við á að mikilvæg forsenda slíkrar verndunar er skipuleg skráning slíkra minja. Gæta þarf að því á hvaða landsvæðum slík skráning hefur farið fram og hvar e.t.v. ekki og þá að þrýsta á um að minjaskráningu verði lokið í sveitarfélaginu.

Drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu hafa verið birt í samráðsgátt stjórnvalda. Þessi reglugerð í endanlegri útgáfu hlýtur að verða eitt þeirra gagna sem skipulagsvinnan tekur mið af.

Af fram komnum umsögnum annarra viljum við sérstaklega taka undir það sem Skipulagsstofnun bendir á í undirkaflanum: „Landbúnaðarland og skógrækt“, um að huga vel að landskipulagi hvað varðar landbúnað og skógrækt. Skógrækt er í örum vexti og hefur mikil áhrif á umhverfið. Hafa þarf í huga margbreytni landbúnaðar og t.d. kornrækt sem lögð er aukin áhersla á um þessar mundir en eftir er að byggja upp ýmsa innviði hennar vegna í sveitarfélaginu. Í þessu samhengi skal einnig tekið undir umsögn Önnu Lóu Sveinsdóttur ráðunauts hjá RML.

Allstór hálandissvæði eru í Múlaþingi og þar er að finna vegslóða frá ýmsum tímum og gerða af ýmsum aðilum. Til vansa er að þessir slóðar skuli í mörgum tilfellum ekki vera merktir og þá ekki síst þeir sem ekki eru í notkun eða ekki er ætlast til að séu eknir – slíka slóða þarf að merkja sem lokaða með skýrum hætti. Að fólk sé að villast um slíka slóða skapar ekki aðeins vandræði ferðafólks heldur eykur einnig hættu á náttúruspjöllum. Ferðafélög ættu að geta aðstoðað við slíkar merkingar.

Virðingarfyllt

F.h. stjórnar samtakanna Landsbyggðin lífi

Vigfús Ingvar Ingvarsson, ritari LBL s. 863 6866

**Vegna:** Máls nr. 1030/2023, Aðalskipulag Múlaþings 2025-2045 (Lýsing)

**Athugasemd:**

Málsnúmer Samgöngustofu OneCRM 23121148

Umsögn Samgöngustofu við Aðalskipulag Múlaþings 2025-2045, nr. 1030/2023: Lýsing (Nýtt aðalskipulag)

Skráðir flugvellir í Múlaþingi eru Egilsstaðaflugvöllur og landingarstaðirnir á Djúpavogi og við Sauða vestan Háslóns. Landingarstaðurinn að Borgarfirði Eystri var afskráður fyrir mörgum árum, en unnið er að því í einkaframtaki að ljúka umbótum við hann síðar á þessu ári og skrá hann þá á ný. Aðrir óskráðir landingarstaðir eru mögulega einhverjir til staðar í Múlaþingi. Sveitarfélagið ætti að sýna bæði skráða og óskráða landingarstaði ásamt hindranafötum þeirra í gögnum sínum til að geta áttá sig á því hvort mannvirki, núverandi eða áætluð, séu að eða muni skara upp fyrir hindranafleti.

Egilsstaðaflugvöllur er einn af fjórum millilandaflugvöllum á Íslandi og eini flugvöllurinn, sem sinnir áætlunarflugi í sveitarfélaginu. Egilsstaðaflugvöllur er varaflugvöllur fyrir millilandaflug. Í bígerð eru breytingar á flugvellinum, en með þeim ætti að vera hægt að vista þar samtímis fleiri millilandaflugvélar, en nú er mögulegt. Fram hefur komið áður, að miða ætti við 15 flugvélar að lágmarki. Reikna þarf með stækkun flugvallarsvæðisins vegna viðbótarmannvirkja s.s. akbrauta, flughlaðs og aðstöðu fyrir þjónustuveitendur auk meiri innviða af ýmsu tagi m.a. vegna orkuskipta. Flugvöllurinn gegnir einnig öryggishlutverki gagnvart almannavörnum ýmiss konar. Að auki virðist mega búast við auknum fjölda ferðamanna og meiri vöruflutningum til og frá Egilsstaðaflugvelli. Staðfesta þarf hjá flugvallarreikandanum, Isavia Innanlandsflugvöllum ehf., hvort núverandi áætluð stækkun flugvallarsvæðisins sé nægileg m.v. ofangreind atriði.

Íhuga mætti m.t.t. hlutverka flugvallarins, hvort rétt væri, að loftförum af smærra taginu væri ætlað að nota einvörðungu flughlað, staðsettu á syðsta hluta flugvallarsvæðisins og sem nái einnig yfir svæði, sem nú er undanskilið starfstakmörkunum skipulagsreglna Egilsstaðaflugvallar.

F.h. Samgöngustofu  
Tómas Björn Ólafsson

**Höfundur:** Tómas Björn Ólafsson/tomas.b.olafsson@samgongustofa.is

**Sent inn þann:** 31.01.2024, **Fyrir hönd:** Samgöngustofa

## Umsögn Slökkvilið Múlaþings vegna Aðalskipulags Múlaþings 2025 – 2045

Slökkviliði Múlaþings barst beiðni um umsögn vegna Aðalskipulags Múlaþings 2025 – 2045. Slökkvilið hefur yfirfarið Aðalskipulagið og gerir eftifarandi athugasemdir:

- **Frístundabyggð.** HMS gaf út leiðbeiningar um brunavarnir í frístundabyggð 28.10.2022. Leiðbeiningarnar eru út frá 23.gr laga nr 75/2000.
- **Skógrækt og landgræðsla.** Á grodureldar.is er að finna leiðbeiningar um eldvarnir í skógum. Þar er m.a. tæpt á hólfun, aðgengi og flóttaleiðum. Vegna skógræktar vill Slökkviliðið leggja til að unnin verði stefnumótun vegna stærðarmarkna skógræktar m.t.t. brunavarna.
- **Grunnkerfi.** Vegna dreifðrar byggðar um sveitarfélagið og vegalengda á milli þéttbýliskjarna leggur Slökkvilið Múlaþings áherslu á að samgöngur milli staða innan sveitarfélagsins verði tryggðar allt árið. Það eykur öryggi íbúa og getur tryggt verðmætabjörgun komi til eldsvoða eða slysa.
- **Íbúabyggð.** Hverfi innan þéttbýla þarf að hanna þannig að auðvelt sé að rýma heilu hverfin komi til þess. Tryggja þarf að tvær óháðar flóttaleiðir séu frá íbúðahverfum í þéttbýli.
- **Fjarskipti.** Tryggja þarf að fjarskipti innan sveitarfélagsins séu tryggð. Það er mikilvægt vegna aukinnar umferðar um sveitarfélagið, fjölgun íbúa og til þess að björgunaraðilar geti verið í sambandi sem víðast.



Múlaþing  
Lyngási 12,  
700 Egilsstaðir

Garðabær, 31. janúar 2024  
Málsnúmer: 202312-0027  
SS

## Efni: Umsögn um skipulagslýsingu fyrir nýtt aðalskipulag Múlaþings.

Vísað er í tölvubréf frá sveitarstjórn Múlaþings dags. 18. desember 2023 í gegnum Skipulagsgátt, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir nýtt Aðalskipulag Múlaþings 2025-2045.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að í henni komi fram það helst sem þarf að fjalla um í vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins. Stofnunin vill á þessu stigi koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Stefnumótun um verndun náttúru og sjálfbæra auðlindanýtingu sem hefur áhrif á landnotkun af ýmsum toga er mikilvægur þáttur við undirbúning aðalskipulags. Ærið tilefni er fyrir sveitarfélagið að móta sér stefnu um verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og innleiða í áherslur aðalskipulagsins enda sveitarfélög með mikilvægt hlutverk (ekki síst með skipulagsskyldu sinni) við að vinna gegn hnignun líffræðilegrar fjölbreytni sem er ein stærsta umhverfisvá samtímans samhliða og í nánu sambandi við áhrif loftslagsbreytinga. Í drögum að nýrri landsskipulagsstefnu sem nú er í meðferð Alþingis er lögð mikil áhersla á líffræðilega fjölbreytni.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (Markmið laganna), 2. gr. (Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir) og 3. gr. (Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun. Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins eða hugsanlegra framkvæmda m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á að finna má ýmsar upplýsingar um náttúru Íslands á heimasíðu stofnunarinnar [www.ni.is](#) þ.á.m. eftirfarandi gögn sem geta komið að notum:

- Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_54.pdf](#)) og kortasjá [http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort](#)



- Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, ([http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_55.pdf](http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf))  
<http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>.

Jafnframt ber að benda á tillögur Náttúrufræðistofnunar til umhverfis-, orku- og loftslagsmálaráðherra, um að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruvinnjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: (<http://ni.is/midlun/naturuminjaskra>) en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, / (<https://naturuminjaskra.ni.is/>). Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eru enn í formlegu rýniferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Lögð er áhersla á að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd. Finna má upplýsingar um aðferðafræði við mat á verndargildi og val á verndarsvæðum hér: (<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>).

Í skipulags- og matslýsingunni er ekki greint frá þeim svæðum sem eru meðal tillagna Náttúrufræðistofnunar fyrir B-hluta náttúruvinnjaskrár og eru innan marka sveitarfélagsins að öllu leyti eða hluta, en það eru eftirfarandi svæði:

- Úthérað, tilnefnt vegna vistgerða, fugla og sela  
(<https://www.ni.is/is/midlun/naturuminjaskra/austurland/utherað>)
- Jökuldalsheiði, tilnefnt vegna hálandistjarna  
(<https://www.ni.is/is/midlun/naturuminjaskra/austurland/jokuldalsheiði>)
- Stuðlafoss og Stuðlagil, tilnefnt vegna jarðminja  
(<https://www.ni.is/is/midlun/naturuminjaskra/austurland/studlafoss-og-studalagil>)
- Papey, tilnefnt vegna fugla  
(<https://www.ni.is/is/midlun/naturuminjaskra/austurland/papey>)
- Berufjörður, tilnefnt vegna fjöruvistgerða  
(<https://www.ni.is/is/midlun/naturuminjaskra/austurland/berufjordur>)
- Álftafjörður, tilnefnt vegna vistgerða og fugla  
(<https://www.ni.is/is/midlun/naturuminjaskra/austurland/alftafjordur>)
- Álftafjörður-Hamarsfjörður-Papey, tilnefnt vegna sela  
(<https://www.ni.is/is/midlun/naturuminjaskra/austurland/alftafjordur-hamarsfjordur-papey>)
- Þvottáskriður-Hvalnesskriður, tilnefnt vegna fugla  
(<https://www.ni.is/is/midlun/naturuminjaskra/austurland/thvottarskridur-hvalnesskridur>)

Sérstaklega ber að nefna Úthérað sem er víðáttumikið svæði og meðal mikilvægustu svæða landsins þegar kemur að búsvæðum fugla, einkum á votlendissvæðum og við vötn. Sveitarfélagið er hvatt eindregið til að leggja áherslu á að hefja feril við að skoða hvernig styrkja má verndun lykilsvæða og vistgerða á svæðinu til framtíðar sem og annarra svæða sem tilnefnd hafa verið. Til þess má beita friðlýsingum, friðun vistgerða/tegunda eða hverfisvernd eftir atvikum.

Í sveitarfélaginu eru margir fundarstaðir sjaldgæfra plöntutegunda sem eru friðaðar skv. auglýsingu nr. 1385/2021 og/eða eru á válista. Við skipulagsáform við og í næsta nágrenni við fundarstaðina þarf að tryggja verndun þessara tegunda. Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um þetta atriði. Benda má á að á Náttúruverndaráætlun 2004-2008 var samþykkt að hefja ferli verndunar fyrir svæðið Njarðvík-Loðmundarfjörð vegna gróðurfars og sjaldgæfra plantna. Og í Náttúruverndaráætlun 2009-2013 var tveimur svæðum til viðbótar bætt við sem eru í Múlaþingi í dag, Eyjólfssstaðaskóg og Egilsstaðaskóg, vegna fundarstaðra fágætra plöntutegunda en í þessum skógum er t.d. mikið um sjaldgæfar fléttutegundir.

Í skipulagslýsingunni kemur fram að stefnt sé að því að endurskoða skilmála um frístundabyggð og yfirfara afmörkun núverandi svæða. Náttúrufræðistofnun vill leggja áherslu á að við skipulag nýrra svæða fyrir frístundabyggð eða stækkun svæða beri að meta vandlega umhverfisáhrif. Mikil ásókn er í land fyrir frístundabyggðir víða um land m.a. í Múlaþingi. Óvíða er land sem oft er að mestu ósnortið tekið undir frístundabyggð. Stundum er um að ræða svæði þar sem finnast vistgerðir með hátt verndargildi t.d. náttúrulegir birkiskógar og votlendi. En jafnvel þó ekki sé um slíkt að ræða geta svæðin skipt miklu máli sem búsvæði mófugla, en Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á nokkrum stofnum mófugla sem eru útbreiddir á landinu en dvelja í mólendi og votlendi og gjarnan á opnu landi. Þetta eru t.d. heiðlóa, jaðrakan, lóuþræll, spói og stelkur. Rannsóknir héraendis hafa sýnt að þessum tegundum er sumum að fækka og að þær almennt forðist nábyli við mannvirki s.s. sumarhús, vegi og aðra innviði sem og mikla skógrækt sér í lagi með hávöxnum trjátegundum.

Náttúrufræðistofnun telur afar mikilvægt að sveitarfélög séu meðvituð um möguleg áhrif ýmissa landnotkunaráforma á mófuglastofna og skoði hvernig við skipulag megi tryggja að ekki sé um of gengið á búsvæði þeirra og að nægilega mörg og stór lítt snortin heppileg búsvæði séu til staðar og vernd þeirra tryggð til framtíðar. Þetta ber m.a. að hafa í huga við gerð skógræktarstefnu en fram kemur í skipulagslýsingunni að slík stefna verði unnin sem hluti af nýju aðalskipulagi. Stofnunin er tilbúin til frekari ráðgjafar um áhrif skipulags á mófugla.

Stefnt er að því að móta stefnu um nýtingu vindorku í sveitarfélaginu. Nokkur áform um vindorkunýtingu í sveitarfélaginu hafa þegar verið kynnt og eru sum hver í umhverfismatsferli nú þegar og/eða í umfjöllun hjá verkefnisstjórn rammaáætlunar. Við stefnumótun á nýtingu vindorku er afar mikilvægt að horft sé til áhrifa á náttúruvar, m.a. landslag og gróður, en ekki síst fuglalíf. Það mat þarf að horfa til bæði staðbundinna áhrifa á t.d. búsvæði en einnig á áhrif á farleiðir fugla um svæðið m.a. tegunda sem eiga í mestri hættu á að verða fyrir áflugi. Mikilvæg fuglasvæði eru innan sveitarfélagsins og þar eru þétt vörp tegunda sem eru viðkvæmar fyrir áflugi s.s. rjúpu, fálka, álftar, himbrima og heiðagæsar. Einnig liggja farleiðir varpfugla sem t.d. verpa á mikilvægum fuglasvæðum á Norðausturlandi eins og Mývatni, Öxarfirði og Melrakkaslétu um sveitarfélagið. Þá þarf að skoða möguleg áhrif á hreindýr en sveitarfélagið er þungamiðja útbreiðslusvæðis íslenska hreindýrastofnsins. Benda má á nýlegar umsagnir sveitarfélagsins tengt umhverfismati vindorkunýtingar t.d. á Klausturselsheiði og á Úthéraði.

Við stefnumótun um efnistöku þarf að taka vandlega tillit til verndargildis jarðminja sem efnistakan getur haft áhrif á sem og ásýndaráhrif á landslag. Mjög víða í sveitarfélaginu eru áhugaverðar og verðmætar jarðminjar sem veita upplýsingar um jarðsögulega atburði t.d.

eldsumbrot, jöklunarsögu, breytingar á sjávarstöðu o.fl sem hafa hátt verndargildi. Allmargar slíkar minjar eru á gildandi náttúruminjasrá (C-hluta).

Eins og fram kemur í skipulagslýsingunni finnast víðfeðm hálandissvæði í sveitarfélaginu. Mikilvægt er að sveitarfélagið skilgreini í aðalskipulagi sínu hver þolmörk náttúru svæðanna er fyrir umferð og innviðauppbýggingu tengt ferðaþjónustu og að metin séu áhrif af mögulegum orkunýtingaráformum þ.m.t. vindorku- og vatnsaflsvirkjana á svæðin og náttúru þeirra. Vernda þarf óbyggð víðerni og landslag þeirra eftir mesta megni að mati Náttúrufræðistofnunar sem og einstakar jarðminjar og lífríkissvæði innan hálandisins. Stofnunin er tilbúin til frekari ráðgjafar um þetta atriði.

Stefnt er að því að kortleggja náttúruvá en nýleg skriðuföll í Seyðisfirði og víðar hafa aukið þörf á bættri þekkingu um viðfangsefnið. Náttúrufræðistofnun hefur komið að kortlagningu jarðgrunns og öðrum rannsóknum á þekktum áhættusvæðum fyrir skriðuföll í sveitarfélaginu og er tilbúin til frekari ráðgjafar um málefnið.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna. Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins og er tilbúin til frekari ráðgjafar um einstök efnisatriði ef óskað er eftir því eins og fram hefur komið í umsögninni.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

**Sveitarstjórn Múlaþings**

Lyngási 12  
700 Egilsstöðum

**Reykjavík, 31. janúar 2024**

E-2023-330 /00.11

**Efni: Umsögn um aðalskipulag Múlaþings 2025-2045**

Landsvirkjun vísar til umsagnarbeiðni sem barst frá sveitastjórn Múlaþings, dags. 18. desember 2023. Um er að ræða skipulags- og matslýsingu fyrir nýtt aðalskipulag Múlaþings þar sem fram koma áherslur sveitarstjórnar við skipulagsgerð, upplýsingar um forsendur, núverandi stefnu og væntanlegt skipulagsferli. Landsvirkjun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og þakkar tækifærið til samráðs.

Landsvirkjun fagnar því að aðalskipulagið feli í sér jákvæða afstöðu til aukinnar endurnýjanlegrar orkuvinnslu og þeim möguleikum sem felast í nýtingu hennar. Íslensk stjórnvöld hafa sett fram metnaðarfull markmið í loftslagsmálum og eru innlend orkuskipti þar lykilþáttur. Á sama tíma og verið er að vinna að loftslagsvænni framtíð er raforkukerfið fullselt og raforkuöryggi ógnað. Ljóst er að aukning í vinnslu endurnýjanlegrar orku er nauðsynleg til að stuðla að loftslagsvænni framtíð.

**Kafli 3.2.2. Iðnaður, athafnastarfsemi og orkuvinnsla**

Í kaflanum er fjallað um möguleikann til frekari endurnýjanlegrar orkuvinnslu. Landsvirkjun tekur undir mikilvægi þess að afla þekkingar á möguleikum til sjálfbærrar orkuvinnslu og styður áform sveitarfélags um að setja sér stefnu um nýtingu sjálfbærrar orku, s.s. vindorku. Bent er á yfirstandandi vinnu varðandi lagaramma um nýtingu vindorku ásamt gerð nýrrar landsskipulagsstefnu og hvetur Landsvirkjun sveitarfélagið til að fylgjast með þessari þróun við gerð sinnar eigin stefnu.

**Kafli 3.3. Grunnkerfi**

Landsvirkjun fagnar áhersluatriðum sem fram koma í þessum kafla um hagkvæma nýtingu auðlinda og rafvæðingu hafna. Kveðið er á um að við gerð aðalskipulags verði lögð áhersla á „að stuðla að hagkvæmri nýtingu auðlinda, s.s. grunnvatns, vindorku, jarðvarma og vatnsafls í sátt við umhverfi- og samfélag“. Landsvirkjun tekur undir þessi orð en bendir á að mögulega megi útfæra þetta áhersluatriði betur í undirkafla. Við gerð skipulags verði einnig lögð áhersla á „að styðja við orkuskipti í samgöngum m.a. með bættu aðgengi að umhverfsvænni orku í höfnum og á öðrum samgönguleiðum“. Landsvirkjun tekur undir þetta atriði og telur að töluverðir möguleikar felist í rafvæðingu hafna. Áhugavert væri að útfæra þetta áhersluatriði betur í umfjöllun kafla 3.3.2 Hafnir.

Fyrirtækið bendir enn fremur á að innan Múlaþings felist möguleikar í styrkingu flutningskerfis raforku sem bæta myndi nýtingu Fljótsdalsstöðvar og lágmarka það vatnsmagn sem rennur um yfirfall stöðvarinnar.

Virðingarfyllt,

**Kristín Linda Árnadóttir**

Aðstoðarforstjóri

**Þórólfur Nielsen**

Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni

## Umsögn

Tilv. UX.225(P)

### Múlaping

Lyngási 12, 700 Egilsstöðum

b.t. tengil. Sóleyjar Valdimarsdóttur

sent inn í skipulagsgátt



Land og skógur

Selfossi, Keldnaholti Rvk., 30. janúar 2024

### Efni: Skipulags- og matslýsing vegna nýs Aðalskipulags Múlapingis 2025-2045 (mnr. 1030/2023)

Óskað var eftir umsögnum Skógræktarinnar og Landgræðslunnar. Undirritaðir hafa kynnt sér málið, frestur til umsagnar er veittur til 31. janúar 2024. *Land og skógur* tók um áramótin við hlutverki Skógræktarinnar. Umsögn þessi er byggð á lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2015 og lögum um landgræðslu nr. 155/2018. Stofnunin gerir athugasemdir og eftir atvikum breytingartillögur við lýsinguna:

Á bls. 18-19 er rætt um skógrækt og landgræðslu.

1. Kafflinn hefst á að tiltaka að „[s]tefna um skógrækt og landgræðslu verð[i] yfirfarin og mörkuð í samræmi við skipulagsreglugerð.“

Í því sambandi er e.t.v. rétt að minnast á gerð svæðis- og héraðsáætlana í landgræðslu og skógrækt í samræmi við lög nr. 155/2018 um landgræðslu og lög nr. 33/2019 lög skóga og skógrækt. Sú vinna stendur nú yfir á vegum Lands- og skógar. Stofnunin gerir ráð fyrir að vinna við þessar áætlanir hefjist á næstu misserum missera. Áætlanirnar taka mið af aðalskipulagi sveitarfélags og rúmast innan þess.

2. Ef til vill væri rétt að telja fram flatarmál skóga og skógræktarverkefna í sveitarfélögum í sömu mælieiningu og landgræðslusvæði. T.d. eru þá rúmlega 19.400 ha af skógum í sveitarfélaginu, þar af um 11.800 ha af náttúrulegum birkiskógi. Þetta er þó ekki mikilvægt atriði.

3. Minnst er á aðgerðaráætlunina Land og líf 2022-2026, þar sem sett hefur verið fram stefna stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt, og tiltekur framtíðarsýn, gildi og áherslur. Áætlunin stendur saman úr 10 aðgerðum og 27 undiraðgerðum. Í lýsingunni eru sérstaklega drepð á aðgerðinni/markmiðinu um að leggja grunn að 5% þekju birkiskóga (aðgerð 4.7), sem er liður í að mæta Bonn-áskoruninni. Þá er nefnt „markmið um að auka skógrækt á um a.m.k. 15 þúsund ha á næstu 10 árum t.d. með ræktun skóga á einkalöndum.“ Hér er rétt að benda á að markmiðið um 15 þúsund hektara af ræktuðum skógi er ekki bundin við einkalönd (aðgerð 4.8) T.d. er hið opinbera eigandi lands sem hentar vel undir þesskonar skógrækt, og í Múlapingi má helst nefna Hallormsstaðatorfuna. Þá eru sveitarfélög víða eigendur lands sem hentar vel undir skógrækt. Að þessu sögðu eru einnig aðgerðir/markmið í aðgerðaáætluninni sem snúa sérstaklega að skógrækt á einkalöndum (aðgerð 9.2), þ.e. bændaskógrækt. **Það er því ekki fyllilega rétt sem sagt er í lýsingunni að áætlun um 15 þúsund hektara af skógrækt eigi sérstaklega við um einkalönd, og óskast það leiðrétt.**

4. Í áðurnefndri aðgerðaáætlun Lands og lífs 2022-2026 kennir margra annarra grasa sem líklega er óþarft að telja upp. Þó má benda á aðgerð 8 og undirmarkmið 8.1 (að efla hlutverk skóga í að stuðla að útivist og að byggja upp og viðhalda skógum í nágrenni þéttbýlis). Öll skógrækt þjónar í raun þessu hlutverki, enda öllum umferð heimil um skóga. Skógurinn á Hallormsstað hefur gegnt þessu hlutverki vel í gegnum tíðina, og svo er og um fleiri skóga í Múlapingi. Þá eru talin skógræktarfélögin í sveitarfélaginu, enda eru þau að sönnu mikilvæg fyrir þátttöku almennings.

Stofnunin gerir að öðru leyti ekki athugasemdir. Undirritaðir veita nánari upplýsingar sé þess óskað, bestu kveðjur, f.h. Lands og skógar,

*Páll Sigurdsson m.e.h.*

Páll Sigurdsson, skipulagsfulltrúi

[pall.sigurdsson@landogskogur.is](mailto:pall.sigurdsson@landogskogur.is)

Austurvegi 3, 800 Selfossi, gsm. 849-2912

*Davíð A. Stefánsson*

Davíð A. Stefánsson

verkefnisstjóri skipulagsmála

[david.arnar.stefansson@landogskogur.is](mailto:david.arnar.stefansson@landogskogur.is)

Keldnaholti, 112 Reykjavík, s. 488-0000



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Austurlands  
Bakka 1 765 Djúpavogi

Múlaþing  
Lyngás 12  
700 Egilsstaðir

Djúpivogur, 31. janúar 2024  
MÍ202401-0103/ 6.08 / Þ.E.H.

## Efni: Aðalskipulag Múlaþings 2025-2045 - lýsing á nýju aðalskipulagi

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi sveitarfélagsins Múlaþings í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um skipulags- og matslýsingu á nýju aðalskipulagi Múlaþings 2025-2045 (mál nr. 1030/2023). Hægt var að hlaða skipulagslýsingunni niður en hún er dagsett 28.11.2023.

Markmið skipulagsins er að horfa til framtíðar og móta heildstæða stefnu fyrir nýtt sveitarfélag svo hægt sé að takast á við nýjar og krefjandi áskoranir. Nýtt aðalskipulag mun ná yfir allt land innan sveitarfélagsmarka Múlaþings. Skipulagsmörk miða við sveitarfélagsmörk á landi og 115m utan við stórstraumsfjöru á sjó. Sveitarfélagið varð til við sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar og er stærð þess um 10671m<sup>2</sup> og innan þess eru sex þéttbýliskjarnar; Borgarfjörður eystri, Djúpivogur, Eiðar, Hallormsstaður, Seyðisfjörður og Egilsstaðir/Fellabær.

Við gerð aðalskipulagsins verður farið yfir stefnu og ákvæði í öllum landnotkunarflokkum/málaflokkum og í kjölfarið sett fram stefna og framtíðarsýn sem stuðlar að hagkvæmri þróun byggðar í sveitarfélaginu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða. Viðfangsefni aðalskipulagsins verða sett fram í fjórum hlutum; byggð og samfélag, grunnkerfi, atvinnulíf og umhverfi.

Í kafla 3.4 er fjallað um umhverfi. Þar segir að landnýting skuli stuðla að heilnæmu umhverfi, verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og sögu.

Í kafla 3.4.3. er fjallað um náttúru og minjavernd. Þar kemur fram að stefna um verndun eða friðlýsingu svæða verður yfirfarin og samræmd. Gert verður grein fyrir friðlýstum svæðum og þau sýnd á skipulagsuppdrætti. Gerð verður grein fyrir friðlýstum fornminjum á skipulagsuppdrætti. Þar kemur einnig fram að víða í sveitarfélaginu sé að finna fornminjar og mannvirki sem njóta verndar vegna aldurs. Friðlýstar fornleifar munu koma fram á aðalskipulagsuppdrætti en að öðru leyti verði skráning minja gerð í tengslum við deiliskipulag eða leyfisveitingar til framkvæmda.

**Puríður Elísa**  
**Harðardóttir**

Minjavörður Austurlands  
thuridur@minjastofnun.is

Í kafla 5 er umhverfismat áætlana. Umhverfismatið er unnið samhliða gerð áætlunarinnar með þátttöku starfhóps og er ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun með því að leggja umhverfissjónarmið til grundvallar mótun aðalskipulagsins. Einn af þeim umhverfisþáttum sem skoðaðir verða eru menningarminjar.

### **Athugasemdir Minjastofnunar Íslands**

Í gildi eru lög um menningarminjar nr. 80/2012 en tilgangur þeirra er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Til menningarminja teljast fornleifar, hús og mannvirki. Í 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir að til fornleifa teljast hvers kyns mannvistarleifar á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Sumar fornleifar hafa verið sérstaklega friðlýstar og njóta því frekari verndar. Friðaðar fornleifar njóta 15m friðhelgunarsvæðis en friðlýstar fornleifar njóta 100m friðhelgunarsvæðis frá ystu mörkum sínum. Í 29. gr. laga um menningarminjar segir að öll hús og mannvirki sem reist eru 1923 eða fyrr séu friðuð. Í 30. gr. kemur fram að eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1940 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, sé skylt að leita álits Minjastofnunar Íslands ef þeir hyggjast breyta, flytja eða rífa þau. Auk þeirra eru ákveðin hús sérstaklega friðlýst og njóta því frekari verndar.

Innan sveitarfélagsins eru friðlýstar fornleifar á 31 jörð; Þórarinsstöðum, Hrafnabjörgum, Aðalbóli, Brattagerði, Brú, Eiríksstöðum, Hofteigi, Möðrudal, Skjöldólfsstöðum, Ekkjufelli, Ormarsstöðum, Dagverðargerði, Vífilsstöðum, Hrójóti, Bakkagerðiskauptúni, Hofströnd, Njarðvík, Ósi, Arnaldsstöðum, Vaði, Þingmúla, Hallormsstað, Mjóanesi, Eyvindará, Eiðum, Hleinargarði, Gautavík, Hálsi, Flugustöðum, Hofi í Álftafirði, Múla 1 í Álftafirði, Papey og Þvottá. Innan hverjar jarðar geta verið fleiri einn friðlýstur minjastaður. Auk þeirra eru 20 friðlýstar byggingar innan sveitarfélagsins; Áskirkja, Bakkagerðiskirkja, Berufjarðarkirkja, Beruneskirkja, Djúpavogskirkja, Eiríksstaðakirkja, Eiðakirkja, Faktorshúsið á Djúpavogi, Gamli barnaskólinn á Seyðisfirði, Hafnargata 11 (Ríkið), Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað, Hjaltastaðakirkja, Hofskirkja Álftafirði, Hofteigskirkja, Kirkjubæjarkirkja, Klyppstaðarkirkja, Langabúð, Papeyjarkirkja, Seyðisfjarðarkirkja og Þingmúlakirkja.

Grundvöllur þess að hægt sé að meta stefnu aðalskipulagsins varðandi menningarminjar er að fyrir liggi upplýsingar um fornleifar, hús og mannvirki í sveitarfélaginu. Til eru nokkrar fornleifaskráningar innan svæðisins en um er að ræða skráningar sem hafa verið gerðar í tengslum við ákveðin verkefni og ná því ekki yfir allt sveitarfélagið. Auk þess uppfylla



þær ekki allar skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands. Einnig hafa nokkrar húsakannanir verið gerðar innan sveitafélagsins í tengslum við ákveðin verkefni. Yfirlit yfir skýrslur sem teknar hafa verið saman um húsa- og fornleifaskráningu í sveitarfélaginu má sjá á heimasíðu Minjastofnunar Íslands og þar er einnig hægt að fá aðgang að flestum þeirra.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Minjastofnun Íslands hefur að auki gefið út reglur nr. 620/2019 um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda. Þar er fjallað um kröfur Minjastofnunar Íslands í tengslum við skráningu menningarminja á aðalskipulagsstigi. Þar segir:

Fornleifar, hús og mannvirki í þéttbýli og á svæðum þar sem eru fyrirhugaðar framkvæmdir sem valda jarðraski á skipulagstímanum skulu skráðar á vettvangi áður en aðalskipulag er samþykkt. Undir þetta falla allar byggingaframkvæmdir, auk þess sem önnur framkvæmdasvæði þar sem jarðrask er fyrirjáanlegt geta fallið hér undir. Skilgreining slíkra svæða skal gerð í samráði við minjavörð hvers landshluta. Þetta á einnig við um framkvæmdir í sjó og vötnum. Fornleifaskráningu skal vinna í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um fornleifaskráningu.

Gera skal grein fyrir húsum og mannvirkjum sem falla undir lög um menningarminjar í húsaskrá. Húsaskráningu skal vinna í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um húsaskráningu.

Upplýsingar um friðlýst hús og mannvirki eru aðgengilegar á vef Minjastofnunar Íslands.

Upplýsingar um friðuð og umsagnarskyld hús má fá úr fasteignaskrá, en þær skulu birtar með fyrirvara um að ekki sé alltaf um að ræða rétt byggingarár í þeirri skrá.

Í undantekningartilvikum mun stofnunin samþykkja að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja vegna aðalskipulags verði unnin á gildistíma skipulagsáætlunar ef gert er samkomulag með tímasettri áætlun, sem er undirrituð af fulltrúum sveitarfélags og Minjastofnunar, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um menningarminjar.

Eins og þarna kemur fram þarf skráning fornleifa, húsa og mannvirkja að fara fram innan þéttbýlis og á þeim svæðum þar sem fyrirhugað er að fara í framkvæmdir sem valda jarðraski á skipulagstímanum **áður** en aðalskipulagið er samþykkt. Skilgreiningu slíkra svæða skal gera í samráði við minjavörð. Einnig þarf að gera grein fyrir friðlýstum fornleifum og húsum í greinargerð og á skipulagsuppdrætti. Það er allra hagur að fyrir liggi nákvæmar upplýsingar um fornleifar og hús sem njóta verndar samkvæmt ákvæðum laga um menningarminjar. Um leið og skráning fornleifa, húsa og mannvirkja liggur fyrir mun hún nýtast við gerð

deiliskipulaga og einnig t.d. við uppbyggingu ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

Í aðalskipulagi þarf einnig að koma fram stefna sveitarfélagsins um verndun menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, og gefa yfirlit um sögu og þróun byggðar í sveitarfélaginu. Einnig er mikilvægt að þar komi fram að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja þarf að fara fram áður en leyfi er gefið fyrir hinum ýmsu framkvæmdum, s.s. skógrækt, efnistöku, endurheimt votlendis, veitulögnum eða áður en byggingarleyfi er gefið út, auk deiliskipulagsgerðar. Óheimilt er að raska fornleifum á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands sbr. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 sem og að allar breytingar á friðuðum, friðlýstum og umsagnarskyldum húsum þurfa að berast Minjastofnun Íslands sérstaklega, sbr. 29., 30. og 31. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Það er því mikilvægt að vinna allar tillögur varðandi nýtingu menningarminja í samráði við Minjastofnun Íslands.

Í kaflanum um umsagnaraðila er talað um að það verði haft samband við Minjastofnun Íslands sem aðila á landsvísu og minjavörð Austurlands sem aðila á svæðinu. Rétt er að vekja athygli á því að minjavörður Austurlands er starfsmaður Minjastofnunar Íslands.

Í kafla 4 er fjallað um tengsl við aðrar samþykktar áætlanir. Á þann lista vantar: *Stefna 2022-2027 um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi auk Menningararfurinn. Stefna um varðveislu og aðgengi.* Þessar stefnur koma inn á mikilvægi samráðs og aðkomu sveitarfélaga að varðveislu menningararfsins, þar á meðal menningarminja. Einnig vekur stofnunin athygli á *Skrá um friðlýstar fornminjar* en þar er að finna upplýsingar um friðlýstar fornminjar.

Undirrituð er reiðubúin að funda með fulltrúum sveitarfélagsins til að fara yfir þá skráningarvinnu sem þarf að gera vegna afgreiðslu þessa skipulags. Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir  
Minjavörður Austurlands



## Móttakandi

Múlaping

Sóley Valdimarsdóttir

[soley.valdimarsdottir@mulathing.is](mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is)

## Efni: Aðalskipulag Múlapingis 2025 - 2045

Vísað er til erindis dagsett 18. des 2023 frá Skipulagsgátt þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar um lýsingu ofangreint aðalskipulag.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við framlagða lýsingu um framangreint aðalskipulagi. Enn minnir á að allar breytingar á vegakerfi og hugsanleg framtíðar tilhögun nýrra vega skal vinna í samvinnu við Vegagerðina. Í lýsingunni má finna upptalningu helstu þjóðvega, en Vegagerðin bendir á þjóðvega kerfið er heldur umfangs meira en það og bera að taka tillit til þess í skipulagsvinnunni.

Í meðfylgjandi fylgiskjal má sjá þjóðvegakerfið í Múlapingi

Virðingarfyllt

f.h. Vegagerðarinnar

Jón Valgeir Sveinsson

Deildarstjóri

Tæknideild Austursvæðis

## Umsögn Austurlandsdeildar Ferðaklúbbsins 4x4 vegna skipulags- og matslýsingu á nýju aðalskipulagi Múlaþings 2025-2045

Austurlandsdeild Ferðaklúbbsins 4x4 gerir ekki athugasemdir við það skjal sem nú liggur fyrir í skipulagsgáttinni.

Það er lítið fjallað um hálendið sem slíkt sem myndi kannski þýða að það séu ekki í farvatninu miklar skipulagsbreytingar sem er kannski bara ágætt í sjálfu sér.

Svo er kannski gott að minna á að þrátt fyrir að ekki sé minnst á það í matslýsingunni stendur samt mikil vinna um málefni vega og slóða á hálendinu sem eru náttúrulega okkar hjartans mál. Þetta er unnið samhliða vinnu við aðalskipulag sveitafélagsins og við fáum vonandi og örugglega að fjalla um það mál á síðari stigum. Austurlandsdeildin vill minna á að við þessa vinnu þarf að vanda til verka til að leiða saman sjónarmið ólíkra hópa sem ferðast um hálendið og gæta þess að nota það opin sjónarmið að ferðamennska til allrar framtíðar geti haldið áfram að nýta sér okkar fallega hálendi, hvernig ferðamáta það kýs að nota og hvaða tilgang sem þeim þóknast ferðalagið, í sátt við náttúruna og samfélagið.

Fh stjórnar Austurlandsdeildar Ferðaklúbbsins 4x4  
Jón Garðar Helgason

Múlaþing

Reykjavík, 31. janúar 2024

## Umsögn um tillögu að matslýsingu fyrir nýtt aðalskipulag Múlaþings

### - *Vatnamál*

Umhverfismarkmið vatnaáætlunar skv. lögum um stjórn vatnamála eru bindandi, sbr. einnig fylgiáætlanir hennar. Þungamiðjan í lögnum er sú krafa að öll vatnshlot skuli ævinlega vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn), ásamt því að vatnsgæði rýrni ekki, sbr. einnig reglugerðir settar með stoð í lögnum. Skv. 28. gr. laganna skulu skipulagsáætlanir vera *í samræmi við þau markmið*. Ekki er minnst á löggjöfina í tillögu að matslýsingu EFLU fyrir Múlaþing, hvað þá að í vinnslu aðalskipulagstillögu þurfi að fara fram mat á því að hvaða leyti bindandi umhverfismarkmiðum tiltekinna framkvæmdaáforma sem og annarra þátta skipulagsáætlunar kynni að verða ógnað, í andstöðu við umhverfismarkmiðin, að því er varðar hvert og eitt vatnshlot á skipulagssvæðinu, skv. lögnum. Eru líkur á því að líffræðilegir gæðapættir auk vatnsformfræðilegra og efna- og eðlisefnafræðilegra gæðapátta straum- og grunnvatnshlota rýrni og með hvaða hætti stuðlar aðalskipulag að því að gæði vatnshlota á skipulagssvæðinu verði ekki verri en góð, í skilningi laganna? Að þessu er ekkert vikið í tillögu að matslýsingu. Hin augljósa spurning, í undirbúningi aðalskipulags fyrir Múlaþing, er að hverju leyti bindandi umhverfismarkmiðum verður náð varðandi Lagarfljót, innan skipulagssvæðisins og tímamarka laga um stjórn vatnamála.

Hafrannsóknarstofnun viku með almennum hætti að lagafyrirmælunum í umsögn sinni um lýsinguna, eins og Skipulagsstofnun gerir einnig. Lagaskyldan er hinsvegar sértæk og atviksbundin. Vísað er til fordæma úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála undanfarið misseri, einkum í málum nr. 127/2023 og 3/2023, en einnig má nefna mál nr. 53/2023, 61/2023, 74/2023 og 110/2023 sem vörðuðu vanrækslu á mati skv. lögum um stjórn vatnamála, sem leiddi í öllum tilvikum til ógildingar leyfa.

Í samræmi við þessa skyldu, leggja samtökin til að úr þessu verið bætt. Þá verði matsspurning í Töflu 7 undir umhverfisþættinum Vatn, sjór og strönd, sem leggur mat á hver áhrif stefnumörkunar og valkosta hefur á bindandi umhverfismarkmið vatnaáætlunar varðandi öll þau straumvatns-, yfirborðs- og strandsjávarvatnshlot sem innan sveitarfélagsmarkanna eru.

### - *Vegir í náttúru Íslands*

Upplýsa má um að uppfærðar leiðbeiningar Skipulagsstofnunar frá yfirstandandi mánuði liggja fyrir. Um vegi í náttúru Íslands, eða s.k. *vegaskrá* skv. náttúruverndarlögum er vísað til umsagnar Skipulagsstofnunar og jafnframt minnt á hve rík samráðsskyldan er í þessu tilviki og það, að ein náttúru- og umhverfisverndarsamtök á landsvísu í skilningi lagaákvæðisins hafa lagt sig eftir löggjöfinni. Brynt er fyrir Múlaþingi að hafa við samtökin samráð við gerð vegaskrár; Náttúrugrið starfa á landsvísu, og hafa eins og fram kemur í birtri ársskýrslu starfað að nokkrum málum, sunnan lands og norðan, sem varða einmitt gerð þessa stafræna kortagrunns og hafa því öðlast nokkra þekkingu á málefninu. Hafa þau meðal annars komið að stjórnsýslumáli vegna ólögmætis slíkrar skrár<sup>1</sup>.

### - *Umhverfisþættir, viðmið og matsspurningar*

---

<sup>1</sup> Sjá tilmæli ráðuneytis 9. nóvember 2022 [08-tilmaeli-raduneytis-um-endurskodun-vegaskrar.pdf \(skeidgnup.is\)](https://www.skeidgnup.is/08-tilmaeli-raduneytis-um-endurskodun-vegaskrar.pdf)

Loks er að nefna fyrirhugaða umhverfisþætti og dæmi um matsspurningar. Í Töflu 7 eru annars vegar listaður umhverfisþátturinn Vernd og hinsvegar Land og landslag. Undir síðarnefnda þættinum eru listaðar matsspurningarnar *Vernd tiltekinna vistkerfa og jarðmyndana skv. 61. gr. laga um náttúruvernd? Víðerni skv. 46. gr. laga um náttúruvernd?* Þar sem í báðum tilvikum er um að ræða fyrirbæri sem lúta friðlýsingu eða annarri vernd, ættu þessar matsspurningar báðar rökrænt séð heima í umhverfisþættinum Vernd, sú fyrri sem sjálfstæð spurning að því er varðar jarðmyndanir, en vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar er hinsvegar matsspurning undir umhverfisþættinum Náttúra. Seinni tilvitnaða matsspurningin er einfaldlega hluti af matsspurningu um friðlýst svæði undir umhverfisþættinum Vernd (upplýst skal að engin friðlýsing hefur enn verið gerð skv. 46. gr. nema jörðin Drangar á Ströndum, svo þessi spurning er ekki raunhæf í Múlaþingi). Hinsvegar væri t.a.m. bæði eðlilegt og nauðsynlegt að matsspurningar um óbyggð víðerni væri annað hvort undir umhverfisþættinum Náttúra eða Land og landslag, enda er það meðal markmiða náttúruverndarlaga að standa vörð um óbyggð víðerni, sbr. 3. gr. laganna; þau hafa auk þess sérstaka skilgreiningu í 19. tl 5. gr. og þau lúta loks sérstökum viðmiðum við kortlagningu sbr. grein 73 a í lögnum, þar sem byggt er á að óbyggð víðerni séu *kortlögð með alþjóðlega viðurkenndri aðferðarfræði*, sbr. athugasemd með frumvarpi til breytingalaga nr. 6/2021:

„Mikilvægt er að kortlagningin byggist á alþjóðlega viðurkenndri aðferðarfræði og að horft verði til 46. gr. laganna í því sambandi, sem fjallar um friðlýsingarflokkinn óbyggð víðerni.”

Tillaga er gerð um eftirfarandi umhverfisþætti eða matsspurningar þegar unnið verður að endurskoðun aðalskipulags, með vísan til tilgangs umhverfismats áaætlana og til lögfestra meginreglna sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga og lögbundinna verndarmarkmiða laganna:

- Vistkerfisnálgun og heildarálag skv. meginreglunni í 10. gr. og verndarmarkmið 2. gr.
- Meginreglan um vísindalega nálgun skv. 8. gr.
- Greiðslureglan skv. 11. gr.
- Varúðarreglan skv. 9. gr.
- Líffræðileg fjölbreytni, skv. 2. gr.
- Jarðfræðileg fjölbreytni, m.a. vatnsfarvegir og landslag skv. 3. gr.
- Óbyggð víðerni skv. 3., 5. og grein 74a.

Séu ofangreindir þætti ekki hluti áætlunar og umhverfismats hennar, er hún ekki í samræmi við náttúruverndarlög, en auk þess er vísað til umsagnar hér að framan um vatnamál.

Virðingarfyllst,



Snæbjörn Guðmundsson, stjórnarformaður  
[natturugrid@natturugrid.is](mailto:natturugrid@natturugrid.is)

Afrit: Skipulagsstofnun

Múlaping  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 1. febrúar 2024  
UST202312-181/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Lýsing - Aðalskipulag Múlapingis 2025-2045 - Heildarendurskoðun**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Múlapingis er barst 19. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að heildarendurskoðun á aðalskipulagi Múlapingis.

Í greinargerð kemur fram að landslag sveitarfélagsins einkennist af miklum fjölbreytileika og andstæðum, allt frá sjávarmáli og inn til jökla. Á Héraði eru stórar jökulár, landbúnaðarsvæði, birkiskóglendi og víðfeðm landsvæði með há fjöll eða jökla í bakgrunni. Með fjölgun frístundahúsa á Héraði hefur byggð í dreifbýli verið að þéttast. Á fjörðunum einkennist landslag af litríkum, háum og bröttum fjöllum með mikla fjölbreytni í landformum og lítið undirlendi og þéttbýlisstaði við ströndina. Innan sveitarfélagsins eru 7 friðlýst svæði; Álfaborg, Blábjörg, Kringilsárrani, Stóruð og svæði norðan Dyrfjalla, Teigarhorn og Hálsar, auk Vatnajökulspjóðgarðs.

Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi atriðum á framfæri við gerð aðalskipulagsáætlunar sveitarfélagsins.

### **Náttúruvernd og aðalskipulag**

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir að markmið hennar sé að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Í greinargerð lýsingar er fjallað nokkuð ítarlega um verndarsvæði í sveitarfélaginu þar sem kemur fram að innan sveitarfélagsins eru svæði á náttúruminjaskrá, svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, hverfisverndar og vistgerðir sem hafa hátt verndargildi og njóta verndar samkvæmt alþjóðasamningum

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að sett séu skýr markmið og stefna í skipulagsáætlunina til að tryggja vernd verndarsvæða og framtíðar uppbygging beinist frekar að þegar röskuðum svæðum og svæðum með minna verndargildi.

## Friðlýst svæði og samráð

Í greinargerð á bls. 26 er fjallað að hluta til um friðlýst svæði og þau sýnd gróflega á mynd 16. Umhverfisstofnun telur myndina ágæta, en fjalla þarf nánar um öll svæði á náttúruminjaskrá í greinargerð og á uppdráttum tillögunnar. Umhverfisstofnun vill benda á að friðlönd og fólkvangar falla undir friðlýst svæði, en hægt er að sjá flokka friðlýstra svæða í kafla VIII náttúruverndarlaga nr. 60/2013.<sup>1</sup>

Umhverfisstofnun telur að þar sem mannvirkjagerð og jarðrask er háð leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt friðlýsingarskilmálum sé nauðsynlegt að samvinna verði höfð við stofnunina um endurskoðun aðalskipulagsins að því er tekur til friðlýstra svæða. Umhverfisstofnun óskar því hér með eftir samráðsfundi með sveitarfélaginu áður en vinnslutillaga er kynnt. Þeir þættir, sem mikilvægt er að ræða við gerð þessarar áætlunar milli Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins, eru m.a. þéttbýlisþróun, ferðaþjónusta, náttúruvernd, o.s.frv.

## Áhrifasvæði friðlýstra svæða

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að notkun lands sem liggur að friðlýstum svæðum sem geti á einhvern hátt haft áhrif á þau. Í 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

## Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár (B-hluti)

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á þeim svæðum sem stofnunin telur ástæðu til að vinna frekar með vegna tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár (B-hluti), en það er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi ákveður að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun til næstu fimm ára.<sup>2</sup> Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár er einn hluti náttúruminjaskrár sem ráðherra skal gefa út eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

Náttúruminjaskrá skiptist í: A-hluta sem er skrá yfir friðlýst og friðuð svæði, B-hluta sem er framkvæmdaáætlun til næstu fimm ára um friðlýsingar og friðun og C-hluta sem er skrá yfir aðrar mikilvægar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða.

Framkvæmdaáætlun er sambærileg því sem vísað var til sem náttúruverndaráætlun í eldri náttúruverndarlögum. Náttúruminjaskrá er unnin samkvæmt ákvæðum VI. kafla [laga nr. 60/2013 um náttúruvernd](#).<sup>3</sup>

Umhverfisstofnun vill benda á að innan sveitarfélagsins er svæði sem stofnunin telur ástæðu til að vinna frekar með vegna tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár og nefnist það Húsey og Eyjasel á Úthéraði.<sup>4</sup> Húsey – Eyjasel er hluti af tillögusvæðinu Úthéraði sem er

<sup>1</sup> <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

<sup>2</sup> <https://ust.is/nattura/framkvaemdaaetlun-natturuminjaskrar/>

<sup>3</sup> <https://ust.is/nattura/framkvaemdaaetlun-natturuminjaskrar/hvad-er-framkvaemdaaetlun-natturuminjaskrar/>

<sup>4</sup> <https://ust.is/nattura/framkvaemdaaetlun-natturuminjaskrar/husey-og-eyjasel-a-utheraði/>



tilnefnt vegna vistgerða og fugla. Svæðið er flatlent og láglent og er meðal helstu varpsvæða skúms sem er í bráðri hættu skv. valista og hefur svæðið hæsta þéttleika varps kjóa sem er í hættu skv. valista. Á svæðinu er selalátur landsels og mikið og lífríkt votlendi. Undanskilið tillöggunni eru heimalönd jarðanna. Svæðið er innan alþjóðlega mikilvægs fuglasvæðis (Úthérað).

Verndargildi vistgerðanna er mjög hátt og eru þær á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Votlendissvæðin (>20.000m<sup>2</sup>), vötn og tjarnir (>1.000m<sup>2</sup>), sjávarfitjar og leirur á svæðinu falla undir ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga um sérstaka vernd.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreind svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

### **Afmörkun svæða á náttúruminjaskrá**

Umhverfisstofnun bendir á, eins og kemur hér fram að ofan, að ekki eru einungis friðlýst svæði á náttúruminjaskrá, heldur einnig svæði á C-hluta. Umhverfisstofnun bendir á að hægt er að sjá afmörkun svæða á náttúruminjaskrá á heimasíðu stofnunarinnar.<sup>5</sup>

### **Líffræðilegur fjölbreytileiki**

Í greinargerð segir að við gerð aðalskipulagsins verði lögð áhersla á að styðja við líffræðilega fjölbreytni og náttúrulegt ástand mikilvægra vistkerfa. Umhverfisstofnun telur það jákvætt og því nauðsynlegt að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu um verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika í skipulagsáætluninni.

Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er milli einstaklinga sömu tegundar og erfðaefnis þeirra. Líffræðileg fjölbreytni fjallar einnig um búsvæði allra lifandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu lifandi náttúru.<sup>6</sup>

Um allan heim hnignar fjölbreytileika lífríkisins því miður stöðugt og hratt. Megin orsakir eru umsvif mannsins, þar sem á sér stað yfirtaka búsvæða (m.a. útþensla byggðar), mengun, útbreiðsla ágengra tegunda, ofnýting náttúrunnar, loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og aðrar mannlegar athafnir.<sup>7</sup>

<sup>5</sup> <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/>

<sup>6</sup> <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2022/12/12/Radstefna-adildarrikja-Sameinudu-thjodanna-um-liffraedilega-fjolbreytni-i-Montreal-i-Kanada/>

<sup>7</sup> <https://www.ni.is/is/frettir/2022/05/liffraedileg-fjolbreytni-til-framtidar>

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytilega, bæði innan sveitarfélagsins og utan. Í skipulagsáætluninni er hægt að setja fram í forsendum nákvæma núverandi stöðu og svo stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis, eyðingu ágengra tegunda, svo eitthvað sé nefnt, bæði í þéttbýli og dreifbýli.

### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Umhverfisstofnun bendir á að innan sveitarfélagsins eru jarðmyndanir og vistkerfi sem falla undir 61. gr náttúruverndarlaga

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að sveitarfélagið setji sér stefnu og markmið um verndun svæða í samræmi við ákvæði laganna.

Ef sveitarfélagið skilgreinir landnotkunarreit í skipulagsáætluninni þar sem eru vistkerfi og/eða jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar þarf að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta rask á vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar.

Fjallað er um svæði sem njóta sérstakrar verndar í 6.3. gr. og 7.4.2. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 þar sem fjallað er um takmarkanir á landnotkun. Í 6.3. gr. segir: e. Önnur náttúruvernd (ÖN). Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að nauðsynlegt er að fjallað sé um þau vistkerfi og jarðminjar sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd í greinargerð og á myndum, að þau séu kortlögð og fjallað sé um umfang þeirra.

### **Endurheimt**

Umhverfisstofnun telur að sveitarfélögin gegni mikilvægu hlutverki þegar kemur að því að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála. Í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum er ein aðgerðin að vernda votlendi og þessu tengt telur Umhverfisstofnun að skipulagsáætlanir séu öflugt verkfæri til náttúruverndar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að kortleggja þau tækifæri innan Múlaþings til að endurheimta náttúruverðmæti sem stuðli að náttúruvernd og líffræðilegum fjölbreytileika. Þetta á ekki einungis við um endurheimt á votlendi og náttúrulegum birkiskógum heldur einnig endurheimt á röskuðum svæðum og frágangi á námum svo eitthvað sé nefnt.

## Starfsleyfi

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

## Mat á umhverfisáhrifum á verndarsvæðum

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þeim verkefnum/framkvæmdum sem falla undir 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi **undir viðmiðunarmörkum** í flokki B ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.

Umhverfisstofnun vill benda sveitarfélaginu á að skoða iii. lið 2. tölul. 2. viðauka. laganna.

## Sjálfbær nýting auðlinda

Í greinargerð segir að stuðlað verði að hagkvæmri nýtingu auðlinda, s.s. grunnvatns, vindorku, jarðvarma og vatnsafls í sátt við umhverfi og samfélag. Umhverfisstofnun hvetur sveitarfélagið til að huga að nýtingu auðlinda með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

## Óbyggð víðerni

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skuli stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.

Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að það komi fram með skýrum hætti í tillögunni hver stefna sveitarfélagsins er varðandi verndun óbyggðra víðerna í sveitarfélaginu.

## Loftslagsstefna

Umhverfisstofnun vill einnig benda á að í c. lið. 5. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál segir að sveitarfélög skuli setja sér loftslagsstefnu, þar sem stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

## Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að aðalskipulagsáætlunin þarf að vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í lögum um stjórn vatnamála og vatnaáætlun.<sup>8</sup>

Umhverfisstofnun vill benda á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011, þungamiðjan í þeim lögum er sú krafa að öll vatnshlot skuli vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði nýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Sérstaklega er minnt á ákvæði 18. gr. laganna sem tiltaka að Umhverfisstofnun sé heimilt að leyfa breytingu á vatnshloti sem hefur í för með sér að umhverfismarkmiðum verði ekki náð nema að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Vöktunaráætlun virkjunarinnar þarf einnig að taka mið af þessum nýju kröfum.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

## Fráveita

Fjallað er nokkuð vel um stöðu fráveitumála í greinargerð lýsingar og bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála sé í sveitarfélaginu í tillögunni, þar sem komi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert sé ástand viðtakans.<sup>9</sup>

Einnig bendir stofnunin á að þar sem þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er. Frestur til að koma á hreinsun á fráveituvatni skv. reglugerðinni rann út árið 2005 og því mikilvægt að slá ekki mikilvægum umhverfisumbótum enn frekar á frest.

## Vindorka

Í greinargerð segir að sveitarfélagið hafi nýlega látið greina hentugleika svæða til nýtingar vindorku og liggur fyrir að niðurstöður þeirrar greiningar verði grundvöllur frekari stefnumótunar í nýju aðalskipulagi.

<sup>8</sup> [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20(1).pdf)

<sup>9</sup> [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Stoduskyrsla\\_fraveitumala\\_2020](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Stoduskyrsla_fraveitumala_2020)

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á umsögn stofnunarinnar varðandi deiliskipulag fyrir Búrfellslund þar sem fjallað er um áhrif vindorkugarðs á friðlandið að Fjallabaki sem er verndað vegna landslags og ásýndar, en þó svo að vindmyllur séu staðsettar fyrir utan friðlýst svæði þá geta þær haft veruleg áhrif á þau..

*„Þó að óbyggð víðerni séu skilgreind sem svæði sem eru að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja vill Umhverfisstofnun benda á að sjónræn truflun hlýst af völdum vindmyllanna í margfalt lengri fjarlægð en það, líkt og ásýndarmyndir í viðauka A frá Heklu og Löðmundi sýna. Þar er fjarlægð að vindmyllunum 19,6 km (Hekla) og 18,3 km (Löðmundur), en engu að síður eru vindmyllurnar mjög áberandi í landslaginu frá báðum svæðum og munu ótvírætt valda sjónrænni truflun, sem skerðir óbyggð víðerni umfram þá 5 km sem að jafnaði er miðað við. Sú staðreynd að vindmyllurnar snúast mun einungis auka á þá sjónrænu truflun sem af þeim hlýst.“<sup>10</sup>*

### Tengsl við aðrar áætlanir - Umhverfispættir og matsspurningar

Varðandi tengsl við aðrar áætlanir er gerð nokkuð vel grein fyrir helstu viðmiðum, stefnum, áætlunum sem horft verður til við mótun stefnunnar og mat á áhrifum hennar. Auk þess varðandi umhverfispætti og matsspurningar í töflu 7 er að finna helstu matsspurningar sem lagðar verði til grundvallar.

Umhverfisstofnun lítur svo á að hér sé einungis verið að gera lauslega grein fyrir helstu stefnum, áætlunum, umhverfispáttum og matsspurningum, sem er ekki tæmandi, og verða svo uppfærðar þegar vinna hefst. Til dæmis er fjallað um stefnu í úrgangsmálum „Í átt að hringrásarhagkerfi“; í greinargerð en hún er ekki tilgreind í kafla 4.

Umhverfisstofnun vill hins vegar benda á að íslenska ríkið hefur tekið á sig ýmsar skuldbindingar á alþjóðlegum vettvangi sem horfa þarf til.<sup>11</sup>

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

**teymisstjóri**

<sup>10</sup>

<https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Umsagnir/Ums%20Tillaga%20e2%80%9320Breyting%20a1%20a%20a1%20Rang%20a1%20beings%20ytra%202016-2028%20og%20n%20bdt%20deiliskipulag%20-%20B%20barfellslundur%2018.%20jan%20baar%202024.pdf>

<sup>11</sup> <https://ust.is/nattura/alhjudlegar-skuldbindingar/>

Múlaping  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Skríðuklaustri, 12. febrúar 2024  
Málsnúmer: 2401058

## Efni: Umsögn um Aðalskipulag Múlapingis 2025-2045, nr. 1030/2023: Lýsing (Nýtt aðalskipulag).

Vatnajökulsþjóðgarður hefur kynnt sér skipulags- og matslýsingu fyrir nýtt aðalskipulag Múlapingis og vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum:

### Umsagnaraðilar

Í kafla 6.3. um umsagnaraðila er svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs talið upp meðal aðila á landsvísu. Bent er á að almennt er í samhengi umsagna er talað um „Vatnajökulsþjóðgarð“, sem þá felur í sér samræmi tillögunnar við fyrirliggjandi stjórnunar- og verndaráætlun (sem gerð er að tillögu svæðisráðs).

### Tengsl við Stjórnunar og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs

Í töflu 6 á blaðsíðu 29 er stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs getið meðal helstu stefna og áætlana sem tengsl eru við. Það er vel, enda stór hluti austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs innan sveitafélagsins Múlapingis en skv. 1. mgr. 13. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð eru sveitarstjórnir bundnar af efni stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan þjóðgarðsins.

### Útivistargildi Vatnajökulsþjóðgarðs

Í kaflanum „Íþróttir og útivist“ (3.1.3.) er í forsendum fjallað um ýmsa innviði til útivistar og íþróttaiðkunar. Það liggur fyrir að áherslan í þessum hluta er á innviði í byggð en Vatnajökulsþjóðgarður vill jafnframt minna á gildi lítt spilltrar náttúru fyrir fjölbreytta útivist. Jafnt innan Vatnajökulsþjóðgarðs sem utan eru gönguleiðir, reiðleiðir, slóðar og fleiri innviðir sem stuðla að útivist. Vatnajökulsþjóðgarður tekur undir að við gerð aðalskipulagsins sé mikilvægt að leggja áherslu á þau atriði sem talin eru upp í kafla 3.4., m.a. að skipulagið „stuðli að dvöl og hreyfingu utandyra með áherslu á nánd við náttúruna“ eins og fram kemur í kaflanum „Umhverfi“ bls. 24.

## Markmið Vatnajökulsþjóðgarðs

Þegar kemur að þeim hluta aðalskipulagsins sem varðar Vatnajökulsþjóðgarð og áhrifsvæða hans minnum við á að markmið hans eru:

- Að vernda náttúru svæðisins, s.s. landslag, lífríki og jarðmyndanir, og menningarminjar þess.
- Að gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru svæðisins, menningar þess og sögu
- Að veita fræðslu um náttúru og náttúruvernd, sögu, mannlíf og menningarminjar svæðisins og stuðla að rannsóknum til að efla þekkingu á þessum þáttum.
- Að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins.

Vatnajökulsþjóðgarður lýsir ánægju með að vinnu Múlaþings að aðalskipulagi og lýsir sig reiðubúinn til frekara samstarfs varðandi mótun tillagna, eftir því sem óskir sveitarfélagsins standa til.

Virðingarfyllt,

Ragna Fanney Jóhannsdóttir

starfandi þjóðgarðsvörður

Jóhanna      Katrín      Þórhallsdóttir

sviðsstjóri á sviði stefnu- og starfshátta

**Málsnúmer** : 202208083

**Málsaðili** : Múlaþing

**Niðurstaða (stutt)** : Samþykkt

**Niðurstaða** : Fyrir liggur skipulags- og matslýsing Aðalskipulags Múlaþings 2025-2045 sem hefur verið lögð fram til kynningar í skipulagsgátt. Vegna lýsingarinnar vill heimastjórn Borgarfjarðar koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri: Þar sem vísað er til húsnæðisáætlunar Múlaþings er mikilvægt að því sé haldið til haga að hún tekur ekki til núverandi uppsafnaðrar íbúðaparfar í þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins. Heimastjórn metur núverandi þörf fyrir húsnæði slíka að það jafnist á við miðspá til ársins 2045. Í kaflanum um ferðaþjónustu er ekki fjallað sérstaklega um komur leiðangursskipa en komum þeirra til Borgarfjarðar hefur fjölgað umtalsvert og fyrirséð að þeim haldi áfram að fjölga. Ljóst er að nýtt aðalskipulag þarf að fjalla um hvort, hvar og hvernig landtöku verði háttáð. Í kaflanum um náttúruvá eru sjávarflóð/vatnsflóð til umfjöllunar. Heimastjórn telur ástæðu til að nefna svæði á Borgarfirði þar sem þörf er fyrir frekari sjóvarnir t.d. meðfram þorpögötu og í Njarðvík. Mikilvægt er að huga að framtíðarskipulagi fyrir þjónustu ökutækja á Borgarfirði n.t.t. bensíndælur, hleðslustöðvar og þvottaplan. Gert er ráð fyrir að skipulags- og matslýsingin verði kynnt, ásamt fyrstu drögum að flokkun landbúnaðarlands og skráningu vega í náttúru Íslands, á íbúafundi sem haldinn verður á Teams þann 18. janúar næstkomandi. Heimastjórn hvetur Borgfirðinga til að kynna sér efni lýsingarinnar. Óskað er eftir að umsagnir, ábendingar og sjónarmið er varða efni skipulagslýsingarinnar berist fyrir 31. janúar 2024. Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**Inngangur** : Skipulags- og matslýsing Aðalskipulags Múlaþings 2025-2045 hefur verið lögð fram til kynningar í Skipulagsgátt. Óskað er eftir að umsagnir, ábendingar og sjónarmið er varða efni skipulagslýsingarinnar berist fyrir 31. janúar 2024.

**Fundardags** : 9.1.2024

**Skráð dags** : 9.1.2024 11:01:54

**Höfundur** : Jón Þórðarson



## Heimastjórn Seyðisfjarðar - 42 (11.1.2024) - Aðalskipulag Múlaþings 2025-2045

---

**Málsnúmer** : 202208083

**Málsaðili** : Múlaþing

**Niðurstaða** : Samþykkt

**(stutt)**

**Niðurstaða** : Fyrir fundinum liggur skipulags- og matslýsing Aðalskipulags Múlaþings 2025-2045. Inn á fundinn undir þessum lið kom Sóley Valdimarsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála Múlaþings í gegnum fjarfundabúnað. Eftirfarandi tillaga lögð fram: Heimastjórn gerir ekki athugasemdir við skipulags- og matslýsingu Aðalskipulags Múlaþings 2025-2045. Gert er ráð fyrir að skipulags- og matslýsing verði kynnt á íbúafundi sem haldinn verður á Teams þann 18.janúar næstkomandi. Heimastjórn Seyðisfjarðar hvetur íbúa til að kynna sér efni lýsingarinnar og bendir á, að ummsagnir og ábendingar þurfa að berast eigi síðar en 31.janúar Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**Fundardags** : 11.1.2024

**Skráð dags** : 11.1.2024 13:20:41

**Höfundur** : Inga Þorvaldsdóttir